



Vaxtarsamningur Vesturlands 2006-2009

Lokaskýrsla og árangursmat

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Torfi Jóhannesson
Mars 2010



EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	4
Stjórn og framkvæmdaráð	5
Markmið Vaxtarsamnings Vesturlands	6
Áherslur fyrir árið 2008	7
Áherslur fyrir árið 2009	9
Kynningarmál	10
Styrkt verkefni 2006-2009.....	10
Act Cool á Vesturlandi	10
All Senses	11
Breiðafjarðarfléttan.....	11
Efling Stykkishólms	12
Evrópuskrifstofa Vesturlands	12
Fab-lab á Akranesi.....	12
Félag atvinnulífisins í Grundarfirði	12
Food and fun á landsbyggðinni	13
Frumkvöðlasetur Vesturlands.....	13
Fræðsla og upplifun heima á bæ	13
Græna lónið á Lýsuhóli	14
Hollvinasamtök Dalabyggðar	14
Íbúakönnun á Vesturlandi.....	14
Ímynd Vesturlands.....	15
Íþróttakademía Vesturlands	16
Komdu í land – markaður	17
Lambið mitt	17
Litlu búðirnar	17
Markaðsstofa ferða- og kynningarmála á Vesturlandi	17
Matís Stykkishólm.....	18
Matvælaklasi Vesturlands	18
Menningararfurinn á netinu	18
Náttúruháskóli unga fólksins	19
Neðribæjarsamtökin í Borgarnesi	19
Nýsköpun og frumkvöðlafræðsla á Vesturlandi.....	19



Rural Innovation and Business Systems (RIBS)	19
Samráðsvettvangur atvinnulífsins á Vesturlandi	19
Sjávarsafnið í Ólafsvík	20
Sprotinn á Hvanneyri.....	20
Stuðningur við markaðs- og kynningarmál í Dalabyggð.....	20
W-23 á Snæfellsnesi	21
Þekkingarklassi Vesturlands	21
Þróunarsetur í málmtækni.....	22
Árangursmat	22
Fjölgun íbúa og bætt búsetuskilyrði	23
Samkeppnishæfni og hagvöxtur	26
Fjölgun alþjóðlegra verkefna og fjárfestinga	35
Uppbygging klasa og tengslaneta	36
Afdrif verkefna úr verkefnalista	37
Samandregnar niðurstöður úr árangursmati	41



INNGANGUR

Þann 15. september 2006 var undirritaður Vaxtarsamningur Vesturlands fyrir árin 2006-2009. Þá tók við ýmis undirbúningsvinna og 15. maí 2007 var undirritaður verksamningur um framkvæmdastjórn milli Vaxtarsamningsins og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Í 6. gr. samningsins er kveðið á um að fyrir 1. mars ár hvert skuli skila framvinduskýrslu til verkkaupa og er skýrslan forsenda greiðslu til verktaka. Í bréfi dagsettu 10. febrúar 2010 fór fulltrúi Byggðastofnunar fram á að í stað framvinduskýrslu skyldi skilað lokaskýrslu þann 15. mars 2010 með yfirliti um verkefni Vaxtarsamnings Vesturlands og ráðstöfun fjármuna. Hjálögð skýrsla gerir grein fyrir starfi Vaxtarsamningsins 2006-2009.

F.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Torfi Jóhannesson



STJÓRN OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Stjórn Vaxtarsamnings Vesturlands samanstóð af 16 fulltrúum sveitarfélaga og fyrirtækja. Stjórnin hélt átta fundi á tímabilinu febrúar 2007 til loka árs 2009. Stjórn kaus fimm manna framkvæmdaráð sem hélt 17 fundi á sama tímabili.

Gerður var samningur við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi um að samtökin önnuðust framkvæmd Vaxtarsamningsins og var Torfi Jóhannesson ráðinn að SSV sem verkefnisstjóri.

Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn Vaxtarsamnings Vesturlands:

Aðilar	Fulltrúar
Arionbanki ¹	Sigurður Már Einarsson → Bernhard Þ. Bernhardsson
Akraneskaupstaður	Gunnar Sigurðsson → Eydís Aðalbjörnsdóttir
BM-Vallá ²	Stefán Logi Haraldsson
Borgarbyggð	Páll S. Brynjarsson
Byggðastofnun	Halldór Kristjánsson → Sigurður Árnason
Faxaflóahafnir	Ágúst Ágústsson
Háskólinn á Bifröst	Grétar Þ. Eypórsson → Kolfinna Jóhannesdóttir
Háskólasetur Snæfellsness	Tómas G. Gunnarsson → Jón Einar Jónsson
Iðnaðarráðuneyti	Andrés Svanbjörnsson → Hanna Dóra Másdóttir → Hrönn Ríkharðsdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Ágúst Sigurðsson
Náttúrustofa Vesturlands	Róbert A. Stefánsson
Norðurál	Sandra Margrét Sigurjónsdóttir
Nýsköpunarmiðstöð Íslands ³	Elvar Valsson → Berglind Hallgrímsdóttir
Orkuveita Reykjavíkur	Jakob S. Friðriksson
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Erla Friðriksdóttir
Sorpurðun Vesturlands	Hrefna B. Jónsdóttir

**) Örvar sýna breytingar á mönnun sem áttu sér stað á gildistíma samningsins.*

¹ Upphaflega Sparisjóður Mýrasýslu sem keyptur var af Kaupþingi ehf., síðar Arionbanka, árið 2008

² Áður Límtré Vírnet.

³ Áður Iðntæknistofnun Íslands.



Í framkvæmdaráði sátu fimm aðilar, auk þess sem verkefnisstjóri og forstöðumaður SSV-próunar og ráðgjafar sátu fundi ráðsins. Upphaflega sátu í ráðinu: Páll S. Brynjarsson (form.), Ágúst Sigurðsson, Elvar Valsson, Erla Friðriksdóttir og Jakob Friðriksson. Í maí, 2007 tók Berglind Hallgrímsdóttir sæti Elvars Valssonar. Í október 2008 kom Eydís Aðalbjörnsdóttir inn í stað Jakobs Friðrikssonar og í febrúar 2009 var Hrönn Ríkharðsdóttir skipuð formaður í stað Páls S. Brynjarssonar. Samhliða þessu vék Hanna Dóra Másdóttir úr stjórninni. Þá ber að geta þess að Erla Friðriksdóttir sinnti formennsku í framkvæmdaráði og stjórn frá október 2008 til febrúar 2009 án þess að fyrir lægi formleg staðfesting ráðherra.

MARKMIÐ VAXTARSAMNINGS VESTURLANDS

Í rammasamningi Vaxtarsamnings Vesturlands segir um markmið samningsins:

- Efla Vesturland sem eftirsóttan valkost til búsetu.
- Stuðla að fjölgun íbúa á Vesturlandi um a.m.k. 1,5% á ári frá 2006 til 2009.
- Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.
- Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.
- Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Lögð er áhersla á uppbyggingu á sviðum sem eru sterk á svæðinu með því að efla klasamyndun enn frekar, m.a. á eftirfarandi sviðum:

- Menningu- og ferðaþjónustu.
- Sjávarútvegs- og matvælaframleiðslu.
- Mennta- og rannsóknastarfsemi.
- Iðnaði.

Ljóst er að þessi markmið eru háleit og ekki er auðvelt að mæla þau – eða í það minnsta getur verið erfitt að mæla þátt Vaxtarsamningsins í því að samfélagið færir nær eða fjær þessum markmiðum. Samningurinn gildir einungis í þrjú ár en markmið samningsins eru í eðli sínu langtímamarkmið sem og þess vegna er ef til vill eðlilegra að líta á þau sem nokkurs konar leiðarljós (*vision*).

Vaxtarsamningur Vesturlands hefur bæði auglýst eftir verkefnum og haft frumkvæði að viðfangsefnum. Þar hefur verið stuðst við tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Vesturlands í samnefndri skýrslu frá júlí 2006. Reyndar hafa mörg verkefni sem þar voru kynnt breyst eða jafnvel verið lokið áður en eiginlegt starf Vaxtarsamningsins fór af stað en engu að síður hefur skýrslan skapað mikilvægan ramma í kringum áherslur og



verkefnaval. Fyrstu starfsmánuði samningsins voru umsóknir um styrki frekar fáar en þeim fjölgaði eftir því sem þekking og skilningur á klasasamstarfi jókst á svæðinu.

Haustið 2007 stóð vaxtarsamningurinn fyrir heimsókn skosks ráðgjafa, Calum Davidson, til Vesturlands. Fundað var með heimamönnum víða á svæðinu og boðað til ráðstefnu þar sem Calum var aðalfyrirlesari. Einnig fundaði hann með stjórn samningsins. Í framhaldi af þessari heimsókn var mótuð sú stefna að vaxtarsamningurinn hefði frumkvæði að ákveðnum hluta verkefna, en tæki einnig við umsóknum eftir því sem þær bærust. Jafnframt samþykkti stjórnin árlega stefnumörkun haustið 2008 og haustið 2009.

Áherslur fyrir árið 2008

Haustið 2007 var unnin aðgerðaáætlun fyrir árið 2008. Þar kemur fram hvaða verkefni stjórn Vaxtarsamningsins vildi setja í forgang. Jafnhliða var auglýst eftir umsóknum og samningurinn kynntur ítarlega á kynningarfundum. Umsóknir voru afgreiddar á fundum framkvæmdaráðs jafnóðum og þær bárust. Eftirfarandi áherslur voru samþykktar fyrir árið 2008.

Ferðapjónusta og menning

Aðgerðir Vaxtarsamningsins á sviði ferðapjónustu 2008 beindust aðallega að markaðssetningu Vesturlands og tengslamyndun milli ferðapjónustuaðila innan Vesturlands.

Í ágúst 2007 var undirritaður samningur Vaxtarsamningsins og All Senses klasans um eflingu ferðapjónustuklasans. Markmið samningsins voru meðal annars:

- Að örva samstarf ferðapjónustuaðila á Vesturlandi.
- Að efla nýsköpun og markaðssetningu í ferðapjónustu á Vesturlandi.
- Að auka þekkingarstig ferðapjónustuaðila á Vesturlandi.
- Að fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum í ferðapjónustu á Vesturlandi.

Annað áhersluatriði í skýrslu undirbúningsnefndar samningsins var *Markaðsstofa Vesturlands*. Að henni var unnið í samstarfi við ferðapjónustuaðila á Vesturlandi. Stofnað var einkahlutafélag í eigu SSV, Ferðamálasamtaka Vesturlands og All Senses klasans og það félag yfirtók síðan starfsemi *Upplýsinga- og kynningarmiðstöðvar Vesturlands*.

Menntun og rannsóknir

Það var mat forsvaraðila Vaxtarsamningsins að háskólarnir og þekkingarsetrin á Vesturlandi gegndu lykilhlutverki fyrir framvindu þekkingartengdrar starfsemi á svæðinu. Hér var því mörkuð sú stefna að Vaxtarsamningurinn leitaði leiða til að nýta þessi þekkingarsetur betur til eflingar atvinnulífs, sérstaklega til að draga ungt, vel menntað fólk inn á svæðið og efla nýsköpun. Eftirfarandi leiðir voru taldar vænlegar:

- **Efling rannsóknasetranna á Snæfellsnesi** þannig að nemendum í framhaldsnámi (BSc, MSc, PhD) fjölgi á þessum stöðum og aðstaða skapist fyrir frumkvöðla. Þetta var meðal annars gert með samningi milli Vaxtarsamningsins og þekkingarsetranna.
- **Stofnun frumkvöðlaseturs Vesturlands** með aðild háskólanna á Bifröst og Hvanneyri auk Atvinnuráðgjafar Vesturlands og Sparisjóðs Mýrasýslu. Markmiðið



var að skapa aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki og frumkvöðla. Hlutverk háskólanna var tvíþætt. Í fyrsta lagi sem ráðgjafar við frumkvöðla á setrinu. Í öðru lagi sem uppspretta mögulegra viðskiptahugmynda sem starfsmenn setursins vinna áfram að.

- **Fjölgun sjálfstæðra rannsóknasetra** m.a. með stofnun rannsóknaseturs í Hvalfjarðarsveit eða á Akranesi tengt iðnaðarframleiðslu. Þetta þarf að skoða vandlega með stóriðjunum á Grundartanga, enda vandséð að hugmyndin gangi upp nema með þeirra aðstoð. Vinna við þetta fór af stað og skilaði verkefninu „Þróunarsetur í málmtækni” sem síðan fékk styrk frá Vaxtarsamningnum og Fablab smiðju (sjá síðar).
- **Stofnun samráðsvettvangs atvinnulífs og háskóla/þekkingarsetra á Vesturlandi.** Nú þegar er til staðar Háskólaráð Borgarfjarðar, en sá félagsskapur er bundinn við Borgarfjörð. Það er mikilvægt að ná saman heildstæðum vettvangi þekkingariðnaðarins á Vesturlandi. Þessi vettvangur var stofnaður undir merkjum Þekkingarklasa Vesturlands.

Efling svæðisbundinnar matvælaframleiðslu

Svæðisbundin matvælaframleiðsla er mikill vaxtarbroddur í atvinnulífi dreifbýlis um mest alla Evrópu og víðar. Hérlandis má benda á verkefni á borð við *Matarkistu Skagafjarðar* og *Local food* í Eyjafirði. Víða hefur svæðisbundin matvælaframleiðsla tengst heimavinnslu matvæla á bændabýlum. Hefðbundin landbúnaðarframleiðsla á undir högg á sækja á Vesturlandi eins og víðar á landinu en aukin straumur ferðamanna opnar þó á möguleika á að bændur fullvinni afurðir heima og markaðssetji undir eigin vörumerki. Nokkrir aðilar á Vesturlandi hafa þegar hafið fullvinnslu eigin afurða og allnokkrir hafa sýnt áhuga á að feta sig inn á þessar brautir.

Ekki er nauðsynlegt að einskorða þetta verkefni við bændur, því svæðisbundin matvælaframleiðsla getur einnig tengst sérhæfðum matvælafyrirtækjum í þéttbýli. Á Vesturlandi er töluverður fjöldi stórra og smárra matvælafyrirtækja á neytendamarkaði og ljóst að sóknarfærin liggja víða.

Markmið verkefnisins eru:

- Að vekja matvælaframleiðendur til vitundar um gildi svæðisbundinnar markaðssetningar.
- Að fjölga bændum og öðrum matvælafyrirtækjum sem fullvinna matvæli á Vesturlandi.
- Að fjölga vöruflokkum sem hafa sérstaka skírskotun til Vesturlands.
- Að kortleggja „Vestlensk matvæli” með tilliti til uppruna, ræktunaraðferða, hlunnindanýtingar og matreiðsluáðferða.
- Kannað verði hvað tækifæri felast í markaðssetningu- og sölu matvæla á internetinu.

Stefnt er að því að mynda hóp áhugasamra framleiðenda og greina þarfir þeirra. Hópurinn skapi síðan klasa framleiðenda á sérvöru og fái stuðning til að vinna að þekkingarmiðlun og námskeiðahaldi um markaðssetningu og framleiðsluferla.



Matvælaklasinn var stofnaður og hann setti í forgang að kortleggja matarhefðir á Vesturlandi.

Iðnaður

Vaxtarsamningurinn mun vinna að því að styrkja samskipti verktakafyrirtækja og efla þekkingarstig þeirra. Þetta má gera með því að:

- Halda reglulega morgunverðarfundum með kynningu á fyrirtækjum og fyrirlestrum um málefni sem tengjast rekstri verktakafyrirtækja. Áhersla verður lögð á að „kaupa“ að eftirsóknarverða fyrirlésara.
- Vinna að stofnun *markaðsráða* í helstu bæjarfélögum. Þessi markaðsráð mynda samráðsvettvang atvinnurekenda og geta haft hlutverk við stefnumörkun hvers bæjarfélags.
- Stofna samráðsvettvang atvinnurekenda á Vesturlandi í samvinnu við Samtök Atvinnulífsins.

Markaðsráð voru stofnuð eða endurvakin í fjórum sveitarfélögum og samráðsvettvangur atvinnulífsins á Vesturlandi var stofnaður. Hins vegar voru ekki haldnir reglulegir morgunverðarfundir á vegum Vaxtarsamningsins.

Áherslur fyrir árið 2009

Almennt gekk vel að vinna eftir áherslum ársins 2008 og flest verkefni komust á góðan rekspól eða var lokið. Helst má segja að matvælaklasinn hafi ekki náð því flugi sem vonast var eftir. Haustið 2008 var árangurinn af starfinu metinn og ákveðið að endurskoða áherslur í starfi Vaxtarsamningsins á eftirfarandi hátt.

Ferðaþjónusta og menning

- Vinna með Vesturlandsstofu að stefnumörkun fyrir markaðsstarf ferðaþjónustunnar á Vesturlandi.
- Stofnun safnaklasa sbr. tillögu undirbúningsnefndar.
- Green Globe á Vesturlandi. Nú þegar hafa fimm sveitarfélög á Snæfellsnesi fengið sameiginlega Green-Globe vottun. Hægt er að færa rök fyrir því að vottunin hafi skilað nýjum atvinnutækifærum fyrir svæðið og stutt við markaðssetningu útflutningsvara. Stefnt er að því að kanna áhuga annarra sveitarfélaga á Vesturlandi og ferðaþjónustufyrirtækja á að hefja vottunarferli.

Menntun og rannsóknir

- Áframhaldandi vinna með þekkingarklasa.
- Frumkvöðlasetur – áframhaldandi vinna. Skoðun á möguleikum annars staðar á Vesturlandi.
- Stofnun Þekkingarseturs á Grundartanga. Vinna með verkefnisstjóra fyrir Þróunarsetur í málmiðnaði.
- Framhaldsskólar á Vesturlandi. Stefnt að samstarfsverkefni framhaldsskólanna á Vesturlandi e.t.v. með aðkomu háskólanna.



- Rural Innovation and Business Systems. Endurskoða umsókn til NPP í samstarfi við verðandi samstarfsaðila frá Skotlandi, Svíþjóð og Finnlandi. Stefnt að lokafrágangi fyrir mars 2009.

Matvæli og sjávarútvegur

- Átaksverkefni tengt matvælaklasa. Sérstök áhersla verði lögð á að kortleggja sérstöðu vestlenskra matvælahefða ásamt því að tengja matvælaklasa og ferðaþjónustuklasa. Kanna möguleika á þróunarverkefni í Dalabyggð.
- Skýrsla um samkeppnisstöðu landvinnslu sem verður framlag SSV til samningsins.

Iðnaður

- Efling Samráðsvettvangs atvinnulífs á Vesturlandi. Vettvangurinn var stofnaður vorið 2008 og ákvað fyrst að einbeita sér að samgöngumálum.
- Átaksverkefni um nýsköpun. Unnið í samvinnu Vaxtarsamnings, Vinnumarkaðsráðs Vesturlands og Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Markmið að efla nýsköpun í starfandi fyrirtækjum og hvetja til frumkvöðlafræðslu í grunn- og framhaldsskólum.

Yfir heildina litið gekk vel að vinna eftir þessum áherslum og segja má að með þeim hafi skapast ákveðinn grunnur að þeim áherslum sem síðar voru lagðar fyrir næsta Vaxtarsamningstímabil.

KYNNINGARMÁL

Verkefnisstjóri hefur haldið úti vefsíðunni www.vaxtarsamningur.is. Þar eru sagðar fréttir af samningnum, birtar fundargerðir framkvæmdaráðs og stjórnar, sagt frá einstökum verkefnum og haldið utan um ýmsar upplýsingar um klasa innanlands og utan. Á sömu síðu eru undirsvæði fyrir *Þekkingarklasa Vesturlands* og *Matvælaklasa Vesturlands*.

Sumarið 2007 var gefinn út kynningarbæklingur um Vaxtarsamninginn sem var dreift á öll pósthöndur á Vesturlandi. Styrkir Vaxtarsamningsins voru auglýstir í héraðsfréttamiðlum á Vesturlandi bæði um mitt ár 2007 og haustið 2008. Þá hefur töluvert verið sagt frá Vaxtarsamningnum í Skessuhorni, héraðsfréttablaði Vesturlands.

Opnir kynningarfundir hafa verið haldnir um allt Vesturland – bæði árið 2007 og 2008. Þá hafa sérstakir fundir verið haldnir með ákveðnum hópum reglubundið allt tímabilið.

STYRKT VERKEFNI 2006-2009

Vaxtarsamningurinn hefur styrkt vel á fjórða tug verkefna á Vesturlandi – flest eru til margra ára og byggja á samstarfi ólíkra aðila. Hér á eftir fer greinargerð um þau verkefni sem hafa hlotið stuðning eða hafa verið unnin innan ramma Vaxtarsamningsins.

Act Cool á Vesturlandi

Verkefnið snýst um að kynna og markaðssetja vestnorræna matarmenningu og náttúru í samvinnu aðila á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Af Vesturlandi og Vestfjörðum koma Hótel Glymur, Hótel Ísafjörður og Fiskiðjan Bylgjan að verkefninu. Kokkanemar frá



löndunum þremur fara á milli veitingastaða og vinnslufyrirtækja og kynna sér matreiðsluaðferðir og hráefnismeðferð. Verkefnið tengist samnefndu verkefni sem hefur hlotið styrk frá NATA (Norrænu ferðamálasamtökunum).

Upphaf: Nóv. 2009; verkefninu er ólokið.

Styrkur: 500 þús.

All Senses

All Senses tók að sér umsjón með ferðaþjónustuklasa Vaxtarsamnings Vesturlands frá 1. júní 2007 til 31. desember 2009. Í því fólst meðal annars:

- Að örva samstarf ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi.
- Að efla nýsköpun og markaðssetningu í ferðaþjónustu á Vesturlandi.
- Að auka þekkingarstig ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi.
- Að fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum í ferðaþjónustu á Vesturlandi.

Með stofnun Markaðsstofu Vesturlands færðist hluti af verkefnum All Senses inn í Markaðsstofuna. Í staðinn lagði klasinn enn meiri áherslu á hugmynda- þróunar- og gæðastarf. Stuðningur við ASG gerði klasanum kleyft að halda starfsmann í 60% starfi sem skipti sköpum fyrir starfsemi klasans.

Óhætt er að fullyrða að starfsemi ASG hafi haft gríðarmikil áhrif á þróun ferðaþjónustu á Vesturlandi. Klasinn hefur vakið mikla athygli víða um land og orðið fyrirmynd sambærilegra klasa í flestum landshlutum.

Upphaf: Júní, 2007; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 5.580 mill.

Breiðafjarðarfléttan

Verkefnið snýst um samstarf 25 ferðaþjónustuaðila á Breiðafjarðarsvæðinu, sem nær yfir Snæfellsnes, Dali, Reykhólasveit, Barðaströnd og Flatey. Þetta svæði spannar bæði Vaxtarsamning Vesturlands og Vaxtarsamning Vestfjarða og þess vegna var ákveðið samráð milli þessara tveggja samninga um stuðning við verkefnið. *Fléttan* hefur unnið að samstarfi um markaðssetningu á svæðinu, námskeiðahaldi fyrir meðlimi og gagnkvæma miðlun á hugmyndum milli samstarfsaðilanna. Breiðafjarðarfléttan er gott dæmi um árangursríkt samstarf milli lítilla aðila á stóru svæði.

Árið 2009 samdi Breiðafjarðarfléttan við Markaðsstofu Vestfjarða um verkefnisstjórn og fyrir liggur að markaðsmál fléttunnar munu færast inn í Markaðsstofur Vestfjarða og Vesturlands. Klasinn mun hins vegar einbeita sér að þróunarverkefnum (t.d. ferðaþjónustu tengdri fuglaskoðun) og samvinnu félaga.

www.flettan.is

Upphaf: Júlí, 2007; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 3 mill.



Efling Stykkishólms

Verkefnið gengur út á samþjöppun upplýsinga um þá þjónustu sem í boði er í bæjarfélaginu með heimasíðugerð og upplýsingamöppu sem dreift verður í öll þau hús sem teljast frístundahús og/eða eru til leigu. Vefurinn verður byggður upp myndrænt og auðvelt verður að finna allar þær upplýsingar um þjónustu sem í boði er í Stykkishólmi. Starfið er sérstaklega miðað að fólki sem dvelur í orlofshúsum í bænum. Markmiðið er að efla vitund ferðamanna um þá þjónustu sem í boði er í bæjarfélaginu.

http://www.stykkisholmur.is/default.asp?sid_id=1642&tre_rod=006|003|&tId=1

Upphaf: Mars 2008; verkefninu er ólokið.

Styrkur: 1 mill.

Evrópuskrifstofa Vesturlands

Um er að ræða samstarfsverkefni SSV-þróunar og ráðgjafar og háskólanna á Vesturlandi. Upphaflega var hugmyndin að staðsetja starfsmann á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel og jafnvel var rætt um samstarf við önnur landsbyggðarsvæði á Íslandi. Úttektir leiddu hins vegar í ljós að þessu fylgdi of mikill kostnaður – sérstaklega eftir gengishrun krónunnar – og nú stendur yfir endurskipulagning á verkefninu. Markmiðið var og er að efla tengingar milli aðila á Vesturlandi og stoðkerfis ESB.

Upphaf: 2010; verkefnið heldur áfram.

Styrkloforð: 2,5 mill.

Fab-lab á Akranesi

Verkefnið gengur út á að setja upp Fab-lab smiðju við Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi. Fab-lab er alþjóðlegt net stafrænna smiðja sem ná allt frá Boston til Afganistan og Suður Afríku til Noregs. Þeim er ætlað að ýta undir nýsköpun og frumkvöðlaanda samfélaga með því að veita einstaklingum aðgang að starfrænum framleiðslutólum. Fab-lab er stytting á *fabrication laboratory* og er ætlað að þjónusta nánast hvern sem er á viðkomandi starfsvæði. Í þessu tilviki er um að ræða samstarf Akranesbæjar, Fjölbrautarskóla Vesturlands, Norðuráls, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og SSV-þróunar og ráðgjafar.

Upphaf: Nóvember 2009; verkefnið heldur áfram.

Styrkloforð: 3 mill.

Félag atvinnulífsins í Grundarfirði

Félag atvinnulífsins í Grundarfirði (FAG) var stofnað árið 1997 og var hugsað sem vettvangur fyrirtækja í bænum til að vinna samana að eflingu atvinnulífsins. Það byrjaði með krafti en sá kraftur dofnaði með tímanum og félagið þróaðist út í að verða að eins konar menningarfélagi. Nú er hugmyndin að blása krafti í starfsemi félagsins og þá með tilliti til upprunalegra hugmynda, þ.e. öflugan klasa sem er virkur í atvinnuuppbyggingu á svæðinu.



Sameiginleg markmið eru að félagið taki virkan þátt í uppbyggingu atvinnulífs. Að vera til halds og trausts fyrir aðila sem reka fyrirtæki eða vilja hefja rekstur. Að standa fyrir fræðslu sem styrkir rekstur á svæðinu. Sé leiðandi á að efla samvinnu fyrirtækja og viðhalda sterku tengslaneti. Sjá um sameiginlega markaðssetningu og kynningu fyrirtækja á svæðinu, bæði með vefsíðu og öðru kynningarefni.

Upphaf: Haust 2008; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 1 mill.

Food and fun á landsbyggðinni

Vaxtarsamningar víðs vegar af landinu tóku höndum saman og styrktu verkefnið Food and fun á landsbyggðinni (*Fóður og fjör*). Um var að ræða skipulagt samstarf veitingahúsa um allt land um sérstök tilboð á hátíðamat tiltekna helgi og sameiginlega markaðssetningu.

Upphaf: Febrúar 2008; verkefninu er lokið.

Styrkur: 250 þús.

Frumkvöðlasetur Vesturlands

Í febrúar 2008 var stofnað til frumkvöðlaseturs í tengslum við starfsemi SSV-þróunar og ráðgjafar í Borgarnesi. Frumkvöðlasetrið var samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Borgarbyggðar, Sparisjóðs Mýrasýslu og SSV-Þróunar og ráðgjafar. Markmiðið var að reka frumkvöðlasetur í tengslum við starfsemi atvinnuráðgjafarinnar og víðar, ef ástæða þætti til. Hlutverk frumkvöðlasetursins var að:

- Efla stuðning við frumkvöðla og sprotafyrirtæki á Vesturlandi.
- Laða frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki til Vesturlands.
- Stuðla að fjölgun lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Vesturlandi.
- Skapa frjótt umhverfi fyrir þekkingarstarfsemi á Vesturlandi.

Segja má að húsnæðisekla hafi staðið verkefninu fyrir þrifum því setrið náði einungis að tryggja sér eina skrifstofu. Nokkuð var um fyrirspurnir um aðstöðuna en enginn fastur leigusamningur var gerður. Aðstaðan var helst nýtt fyrir starfsmenn nýsköpunarverkefna tengdum Vaxtarsamningi og atvinnuþróunar Vesturlands. Sumarið 2009 var aðstaðan svo leigð Símenntun Vesturlands fyrir námskeið og fjarfundi tengd frumkvöðlafræðslu á Vesturlandi.

http://vaxtarsamningur.is/default.asp?sid_id=36731&tId=1

Upphaf: Febrúar 2008; lok: Maí 2009.

Styrkur: 350 þús.

Fræðsla og upplifun heima á bæ

Samstarfsverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands og ábúenda á Bjartheyjarsandi og Erpsstöðum. Á báðum býlunum er rekinn hefðbundinn landbúnaður ásamt fjölbreyttri ferðaþjónustu og heimaframleiðslu. Markmið verkefnisins er að draga fram sérstöðu



Íslenskrar matvælaframleiðslu, að auðga og efla þá fræðslu sem þegar fer fram á bæjunum og styrkja svæðisbundna sérþekkingu í landbúnaði.

Upphaf: Desember 2009; verkefninu er ólokið.

Styrkur: 1,4 mill.

Græna lónið á Lýsuhóli

Klasaverkefni 20 aðila á sunnanverðu Snæfellsnesi sem gengur út á að byggja upp baðlón með náttúrulegu heitu ölkelduvatni, að Lýsuhóli í Staðarsveit. Tilraunaboranir fóru fram árið 2008 en skiluðu ekki eins miklu viðbótarvatni og vonast var til. Engu að síður var ákveðið að halda áfram með verkefnið en í minni skala en upphaflega var áætlað. Verkefnið skilaði hugmyndavinnu fyrir aðstöðu og starfsemi ásamt drögum að viðskiptaáætlun. Nú er verið að leita að fjárfestum til að fjármagna verkefnið.

Upphaf: September 2008; verkefninu er lokið.

Styrkur: 1,5 mill.

Hollvinasamtök Dalabyggðar

Samtökin voru stofnuð til að vinna að framfaramálum á sviði atvinnu- og menningarlífs á svæðinu, standa vörð um söguna, vinna að verkefnum sem snerta Dalabyggð og hlúa að svæðinu í framtíðinni. Meðal verkefna Hollvinasamtakanna var að standa að bæjarhátíðinni *Heim í Búðardal*, halda íbúáþing og standa fyrir ýmis konar uppákomum.

<http://www.dalabyggd.is/baejarhatid/hollvinasamtok-dalamanna/>

Upphaf: Maí, 2008; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 1 mill.

Íbúakönnun á Vesturlandi

Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi var metin með skoðanakönnun og samanburði við eldri úttektir. Skýrslan myndar hluta af árangursmati Vaxtarsamningsins. Helstu niðurstöður voru:

---tilvitnun hefst---

- **Búsetuskilyrði:** Vestlendingar eru almennt töluvert ánægðari með búsetuskilyrði í sinni heimabyggð en í sambærilegri könnun sem gerð var fyrir þremur árum.
- Mikil ánægja var með **friðsæld, nálægð við fjölbreytta náttúru, almennt öryggi, gott mannlíf, og greiða umferð.**
- Búsetuskilyrði sem Vestlendingar töldu að þyrftu að lagast voru **launatekjur, framfærslukostnaður, atvinnutækifæri (úrval), tækifæri til afþreyingar og almenningsamgöngur.**
- Á Akranesi og í Hvalfirði voru launatekjur efst á blaði af þeim þáttum sem þyrfti að bæta. Sama gilti um Borgarfjörð. Íbúum á Snæfellsnesi þótti mikilvægast að lækka vöruverð og í Dölum voru betri fjarskipti efst á blaði.



- **Búseta:** Svarendum fannst almennt *mjög* eða *frekar gott* að búa á Vesturlandi. Á Akranesi og í Hvalfirði voru 98% þessarar skoðunar, 93% í Borgarfirði, 91% á Snæfellsnesi og 77% í Döllum.
- **Brotflutningur:** 7% svarenda á Akranesi telja það *mjög* eða *frekar líklegt* að þeir flytji á næstu tveimur árum, á Borgarfjarðarsvæðinu telja 19% það *mjög* eða *frekar líklegt*, á Snæfellsnesi er hlutfallið 17% og í Döllum er hlutfall þeirra 14%. Mikill fjöldi háskólanemenda í Borgarfirði útskýrir hátt hlutfall þar og skerðing þorskkvóta á Snæfellsnesi.
- **Kvótaskerðingin síðastliðið haust:** 24% svarenda á Snæfellsnesi telja kvótaskerðinguna sl. haust hafa *mjög* eða *frekar mikil* áhrif á hugsanlegan brottflutning þeirra af svæðinu “á næstunni” en miklu færri á öðrum svæðum.
- **Menntun íbúanna:** Fjöldi íbúa með háskólamenntun er *mjög* áþekkur í Borgarfirði, Akranesi og Hvalfirði eða í kringum 25% af fólki á aldrinum 18-74 ára. Á Snæfellsnesi er hlutfallið 18% með háskólamenntun og 14% í Döllum.
- **Símenntun:** Rúmur helmingur svarenda hefur sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun sl. 2 árin. Í kringum 30% svarenda hefur varið meira en 7 dögum í slíkt nám og tæplega 20% hefur varið 1-7 dögum í slíkt nám.
- **Samgöngubætur:** Sundabraut var talin mikilvægasta samgöngubót Vestlendinga að þeirra mati. Tvöföldun Vesturlandsvegur kom þar á eftir í mikilvægi. Þessi sjónarmið eru mest áberandi á Akranesi, í Hvalfirði og Borgarfirði. Í Döllum er malbikun malarvega mikilvægasta samgöngubótin og fækkun einbreiðra brúa kemur þar á eftir. Viðhorf Snæfellinga fellur mitt á milli þessara tveggja sjónarmiða.

---tilvitnun lýkur---

http://ssv.is/default.asp?sid_id=16040&tre_rod=002|007|002|&tId=1

Upphaf: September 2007; lok: Apríl 2008.

Styrkur: Hluti af framlagi SSV til Vaxtarsamningsins

Ímynd Vesturlands

Skýrsla um ímynd Vesturlands í augum almennings á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum og Norðurlandi Vestra. Skýrsluhöfundar voru Grétar Þór Eypórsson, Eva Heiða Önnudóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir. Skýrslan var mikilvægt innlegg í stefnumörkunarvinnu fyrir Vaxtarsamninginn og helstu niðurstöður hennar eru eftirfarandi:

---tilvitnun hefst---

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hver ímynd Vesturlands og einstakra svæða þess væri í augum íbúa höfuðborgarsvæðisins, íbúa Vestfjarða og Norðurlands Vestra. Áhersla var lögð á að kanna ímynd svæðanna sem annarsvegar *valkosta fyrir búsetu* og hinsvegar sem *ferðamannastaða*.



Tækifæri Vesturlands sem búsetuvalkosti

Það er ljóst að ákveðinn hópur svarenda telur Vesturland vera valkost til búsetu. Mörg búsetuskilyrði vege þyngra í huga fólks en nálægð við höfuðborgarsvæði. Tækifæri landshlutans felast í að byggja upp ímynd í kringum þau skilyrði.

- Nálægð við náttúruna, lág tíðni glæpa, að búa ekki of þétt, minni bílaumferð og kyrrðin eru klárlega styrkleikar landshlutans og virðast höfða meira til fólks eftir því sem það er eldra.
- Stærsta tækifæri einstakra svæða liggur í að byggja upp ímynd með áherslu á góða þjónustu við barnafjölskyldur og góð lífskjör. Góðir skólar á öllum stigum í góðu umhverfi fyrir börn, ásamt góðu framboði á íþróttum eru þættir sem höfða sérstaklega til kvenna og yngra fólks. Einnig þættir eins og lægra húsnæðisverð, nálægð við lágvöruverðsverslun og gott fjarskiptakerfi.

Tækifæri Vesturlands og einstakra svæða á sviði ferðaþjónustu

- Ímynd Snæfellsnes er mjög sterk á sviði ferðamennsku. Tækifærin felast í að byggja á styrkleikum sem klárlega felast helst í náttúrunni sjálfri. Svæðið er ævintýrlegt að mati viðmælenda og hefur mjög sterkt tákni sem er Snæfellsjökull.
- Ímynd Borgarfjarðar er fjölbreytt á sviði ferðamennsku. Styrkleikarnir liggja í náttúru-perlum og sögutengdri ferðamennsku. Að mati viðmælenda er ímynd svæðisins jákvæð.
- Sóknarfæri Dalanna liggja í náttúrunni og sögunni. Viðmælendur telja ímyndina ekki nægilega skýra, jafnvel hlutlaus og bendir það til þess að kynna þurfi svæðið betur. Tækifæri geta legið í jákvæðri ímynd sveitarinnar að mati viðmælenda.
- Ímynd Akraness og nágrennis á svið ferðamennsku er ekki skýr. Sóknarfæri eru í safnasvæðinu og afþreyingu á sviði íþróttar. Akranes er fótboltabær í hugum fólks og geta tækifæri legið í að marka sér sérstöðu á því sviði. Hvalfjörðurinn er einn af styrkleikum svæðisins sem getur markað sóknarfæri á sviði náttúrutengdrar ferðaþjónustu en þarf að kynna betur og tengja ímynd svæðisins betur sem heild.

---tilvitnun lýkur---

http://ssv.is/default.asp?sid_id=16040&tre_rod=002/007/002/&tId=1

Upphaf: Október 2006; lok: Febrúar 2007.

Íþróttakademies Vesturlands

Íþróttakademies Vesturlands er samstarfsvettvangur skóla, íþróttafélags og sveitarfélags, þar sem hagsmunir allra eru hafðir að leiðarljósi og leitast er við að skapa umhverfi þar sem framhaldsskólanemar geta stundað fullt nám og æft af kappi sína íþróttagrein án þess að hafa áhyggjur af árekstrum milli náms og æfinga. Verkefnið hlaut stuðning vaxtarsamningsins til undirbúnings viðskiptaáætlunar. Á grundvelli hennar fór verkefnið af stað en niðurskurður opinberra framlaga til íþróttafélaga og framhaldsskóla hefur sett strik í reikninginn varðandi umfang starfseminnar.

<http://menntaborg.is/static/files/akademia.pdf>

Upphaf: Ágúst 2009; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 500 þús.



Komdu í land – markaður

Hópur handverksfólks í Grundarfirði tók sig saman og setti á fót handverksmarkað í tengslum við komur skemmtiferðaskipa til Grundarfjarðar. Verkefnið tengdist átaki Útflutningsráðs um eflingu svæða fyrir móttöku ferðamanna af skemmtiferðaskipum. Markaðurinn gekk vel fyrsta sumarið svo honum verður haldið áfram og opnunartími lengdur. Í framhaldi af þessu verkefni hefur verið unnið áfram með sérstakan undirbúning fyrir komur skemmtiferðaskipa til bæjarfélagsins.

Upphaf: Maí, 2009; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 500 þús.

Lambið mitt

Verkefnið snýst um þróun á söluleiðum lambakjöts beint frá býli til neytenda. Hugmyndin er að byggja upp netverslun sem væri byggð á grundvelli www.kindur.is í samvinnu við bændur á Vesturlandi.

www.kindur.is

Upphaf: Ágúst 2009; verkefnið heldur áfram.

Styrkur 500 þús.

Litlu búðirnar

Samstarfsverkefni hóps handverksfólks af Vesturlandi og víðar um stofnun vefverslunar til að markaðssetja og selja afurðir sínar. Verkefnisstjóri heldur utan um vefinn, vörudreifingu og greiðslumiðlun. Vaxtarsamningurinn hefur styrkt viðskiptaáætlun, vefhönnun og markaðssetningu á vefnum.

www.litlubudirnar.is

Upphaf: Júní, 2009; verkefni heldur áfram.

Styrkur: 1,5 mill.

Markaðsstofa ferða- og kynningarmála á Vesturlandi

Markaðsstofa Vesturlands ehf. var eitt af lykilverkefnum Vaxtarsamningsins á sviði ferðaþjónustu. Hlutverk hennar er að markaðssetja og efla ímynd Vesturlands. Stofan er af svipuðum toga og samskonar markaðsstofur annarra landshluta nema hér var valið að stofna einkahlutafélag um starfsemina. Félagið er í eigu SSV, Ferðamálasamtaka Vesturlands og All Senses klasans og það félag yfirtók hlutverk og skyldur *Upplýsinga- og kynningarmiðstöðvar Vesturlands*. Verkefnið telst falla undir almennar skilgreiningar á klasastarfi þar sem þarna koma saman að einu verkefni allir ferðaþjónustuaðilar á Vesturlandi.

www.west.is

Upphaf: Júní, 2007; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 8 mill.



Matís Stykkishólm

Styrkur var veittur til Náttúrustofu Vesturlands – fyrir hönd nokkurra aðila í Stykkishólmi – til að vinna greinargerð um möguleika á að opna starfstöð Matís í Stykkishólmi. Skýrslan tengist vexti í vinnslu ýmiskonar sjávarafurða á Snæfellsnesi. Má þar nefna kræklingarækt, vinnslu ígulkeru og veiðar á beitukóngi og sæbjúgum, svo nokkuð sé nefnt.

Upphaf: Maí, 2009; verkefninu er lokið.

Styrkur: 350 þús.

Matvælaklasi Vesturlands

Matvælaklasinn er samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana í matvælageiranum; aðallega veitingahúsa og matvælaframleiðenda. Vaxtarsamningurinn stóð fyrir stofnfundi vorið 2008 og skipaði stýrihóp fyrir verkefnið. Stýrihópurinn fundaði tvisvar árið 2008 þar af einu sinni með ráðgjafa í stefnumörkun. Ákveðið var að fyrsta skrefið væri að skilgreina betur sérstöðu matarhefða á Vesturlandi en í framhaldi af því að ýta undir framleiðslu ákveðinna matvara. Einnig var rætt um að búa til sérstakt svæðistengt vörumerki. Klasinn styrkti rannsóknaverkefni um þjóðlegan mat á Vesturlandi. Verkefnið gaf af sér skýrsluna „*Kryddar sig sjálf*“ *Náttúra-Hefð-Staður*. Höfundur: Jón Þór Pétursson⁴.

Vorið 2009 var fyrirkomulagi matvælaklasans breytt, stjórnin einfölduð og ráðist í hönnun og prentun merkis fyrir matvælaframleiðslu af Vesturlandi. Matvælamerki Vesturlands hefur verið kynnt víða á svæðinu og allnokkrir aðilar hafa nú þegar sótt um notkun á merkinu. Undir merkjum matvælaklasans hefur einnig verið unnið með öðrum Vaxtarsamningum að Öndvegisverkefninu *Matvælatengd ferðaþjónusta*. Þar er ætlunin að vinna sérstaklega að vöruþróun og söluleiðum fyrir gæðaafurðir úr fiski á Snæfellsnesi.

<http://www.vaxtarsamningur.is/matur>

Upphaf: Mars 2008; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 250 þús.

Menningararfurinn á netinu

Verkefnið byggir á samstarfi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, hugbúnaðar-fyrirtækisins Nepal og Snorrastofu. Markmiðið er að þróa námskeiðsefni um fornsögur Íslands fyrir erlendan markað. Ætlunin er að nýta hugbúnað sem þegar er í notkun í mörgum skólastofnunum hérlendis til að keyra námskeiðin sem fjarnám með kennurum á Íslandi. Í tengslum við námskeiðin verði boðið upp á sögutengdar ferðir til Vesturlands þar sem sögulóðir fornsagnanna verða kannaðar.

Upphaf: Maí, 2009; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 3 mill.

⁴ <http://skemman.is/handle/1946/3847>.



Náttúruháskóli unga fólksins

Klasaverkefni á vegum Landbúnaðarháskólans, framhaldsskólanna á Vesturlandi og Norðurláts ehf. sem miðaði að því að efla áhuga framhaldsskólanemenda á Vesturlandi á sviði náttúruvísinda. Tugur nemenda, sem hafði sýnt hafði sérstakan áhuga á náttúruvísindum, dvaldi í LbhÍ á Hvanneyri í vikutíma vorið 2009 við vísindaleg störf en heimsótti einnig álverið á Grundartanga og kynntist þeim rannsóknum sem þar eru unnar. Framhaldsskólarnir gátu einnig sent einstaka, áhugasama nemendur á sviði náttúrufræða í LbhÍ síðar um veturinn eða sent hópa í heimsóknir til LbhÍ.

Upphaf: Október 2008; lok: Október 2009.

Styrkur: 400 þús.

Neðribæjarsamtökin í Borgarnesi

Um er að ræða samstarfsverkefni nokkurra ferðaþjónustuaðila í Borgarnesi. Markmiðið er að styrkja markaðssetningu Borgarness – sérstaklega „neðri-bæjarins“ og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eins og fegrun opinna svæða og gerð göngustíga. Meðal verkefna er gönguleiðakort, hjólaleiga, Brákarhátíð, sumarmarkaður og rekstur heimsíðunnar www.visitborgarnes.com.

Upphaf: Ágúst, 2009; verkefnið heldur áfram.

Styrkur var veittur í tvennu lagi – til tveggja verkefna á vegum sömu aðila. Samtals: 2 mill.

Nýsköpun og frumkvöðlafræðsla á Vesturlandi

Átaksverkefni um nýsköpun sem var unnið í samvinnu Vaxtarsamningsins, Vinnumarkaðsráðs Vesturlands og Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Markmið er að efla nýsköpun í starfandi fyrirtækjum og hvetja til frumkvöðlafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Samið var við Kristinn Leifsson nemanda og stundakennara við Háskólann á Bifröst um að vinna skýrsluna. Niðurstöður skýrslunnar voru tillögur til SSV og skólakerfisins um hvernig bæta megi nýsköpunarstuðning og frumkvöðlafræðslu.

Upphaf: Júní 2008; lok: Nóvember 2008.

Styrkur: Kostnaði við verkefnið var skipt milli aðstandenda. Uppgjöri ólokið.

Rural Innovation and Business Systems (RIBS)

Vaxtarsamningurinn hefur tekið þátt í að vinna umsókn til Norðurlóðaáætlunar ESB í samvinnu við aðila frá Finnlandi, Svíþjóð og Skotlandi. Verkefnið snýst um þróun og miðlun upplýsinga um heppilegar leiðir til atvinnuþróunar í dreifbýli. Töluverð vinna hefur farið í umsóknarvinnuna og upphaflega stóð til að umsóknin yrði send inn vorið 2009, en það frestaðist um eitt ár.

Samráðsvettvangur atvinnulífsins á Vesturlandi

Stofnað var til vettvangsins í samstarfi við Samtök Atvinnulífsins með það að markmiði að stuðla að áframhaldandi vexti og fjölbreytileika atvinnulífsins. Þá var hugmyndin að með samráðsvettvanginum fengi atvinnulíf á Vesturlandi tækifæri til að koma fram sameinað til að berjast fyrir hagsmunamálum fyrirtækja á svæðinu. Starfið átti að vera verkefnabundið



og fjármagnað á grundvelli skilgreindra verkefna en með aðild í gegnum aðild að SA. Það verður að viðurkennast að starfsemi þessa vettvangs hefur verið minni en vonir stóðu til um og hefur hann aðeins fundað einu sinni.

Upphaf: Mars 2008; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: Enginn.

Sjávarsafnið í Ólafsvík

Verkefnið gengur út á að hópur aðila bindist samtökum um að fjölga og viðhalda tegundasafni sjávardýra ásamt því að búa til fræðsluefni sem mun nýtast gestum og skólahópum. Markmið verkefnisins er að samnýta aðstöðu á safninu og þekkingu fagaðila til að miðla fróðleik um sjávarlíffræði. Verkefnið byggir á vettvangsferðum í Sjávarsafnið þar sem nemendur fá að skoða lifandi fiska og annað sjávarfang undir leiðsögn samstarfsaðila.

Upphaf: Október 2008; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 785 þús.

Sprotinn á Hvanneyri

Landbúnaðarháskóli Íslands hafði frumkvæði að samstarfi við SSV-þróun og ráðgjöf og Nýsköpunarmiðstöð um stofnun frumkvöðlaseturs á Hvanneyri. Verkefnið fékk styrk frá Vaxtarsamningi Vesturlands og hefur þegar skilað áþreifanlegum árangri með aðstoð við frumkvöðla á ýmsum sviðum landbúnaðar, líftækni og umhverfismála.

<http://sproti.lbhi.is/>

Upphaf: Febrúar 2009; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 3 mill.

Stuðningur við markaðs- og kynningarmál í Dalabyggð

Vegna sérstakrar stöðu Dalabyggðar innan Vesturlands var á frumstigum samningsins ákveðið að semja sérstaklega um aðkomu Vaxtarsamningsins að ráðningu starfsmanns í starf ferða-, menningar- og markaðsfulltrúa. Meðal helstu markmiða má nefna:

- Kynning og markaðssetning Dalabyggðar.
- Framkvæmd og skipulagning menningarviðburða.
- Útbúa og fylgjast með styrkumsóknum.
- Fylgjast með og taka þátt í skipulagningu ýmissa mála á söfnum sveitarfélagsins.
- Að vera tengiliður við Markaðsstofu Vesturlands.
- Að vinna að því að klasastarf Vaxtarsamnings Vesturlands nýtist til framdráttar fyrir atvinnulíf í Dalabyggð.

Upphaf: Júní 2007; lok: Desember 2009

Styrkur: 4 mill.



W-23 á Snæfellsnesi

W-23 er samstarf fimm þekkingarsetra á Snæfellsnesi: Háskóla- og Náttúru- stofu Vesturlands, Varar-sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð, Hafrannsóknastofnunar og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Nafnið W-23 vísar til lengdargráðu svæðisins.

Hópurinn vann í sameiningu að kynningu á rannsóknatækifærum, aðstöðu og rannsóknnum samningsaðila á náttúru Snæfellsness og Breiðafjarðar. Markmiðið var að fjölga störfum í þekkingartengdum verkefnum á Snæfellsnesi. Áherslur kynningar voru eftirfarandi:

- **Heimasíða.** Kynning á rannsóknahópnum undir yfirskriftinni W-23, sem vísar til vestlægrar breiddar svæðisins. Veraldarvefurinn er vettvangur kynningar án landamæra og á heimasíðu W-23 verður áhersla lögð á mannauð, rannsóknir, rannsóknáherslur og aðstöðu til rannsókna hjá ofangreindum stofnunum, auk upplýsinga um náttúrufar og staðhætti á Snæfellsnesi.
- **Bókamerki.** Á myndskreyttu bókamerki verða grunnupplýsingar um W-23 hópinn og kynning á rannsóknatækifærum. Bókamerki er hugsað til dreifingar í skólum og afhendingar á mannámótum.
- **Vísindavaka.** Á haustmánuðum 2008 og 2009 var haldin vísindavaka þar sem rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar, Háskóla- og Náttúru- stofu, Varar og Þjóðgarðsins voru kynntar í máli og myndum. Vísindavökurnar voru vel sóttar – sérstaklega af yngri kynslóðinni og heimafólki.
- **Erlent samstarf.** Starfsmenn rannsóknastofnana á Snæfellsnesi efla samstarf sitt við erlendar rannsókn- og menntastofnanir með kynnisferðum og fyrirlestrahaldi erlendis og/eða bjóða erlendum vísindamönnum í heimsókn.

Starf þessara þekkingarsetra hefur þegar haft mjög mikil og merkjanleg áhrif á atvinnu- og mannlíf á Snæfellsnesi. Setrin hafa öll bætt við sig starfsmönnum síðustu ár og hafa tekið þátt í þróunarverkefnum – bæði með sveitarfélögum og einkafyrirtækjum á svæðinu.

www.w23.is

Upphaf: Febrúar 2008; lok: Desember 2009.

Styrkur: 4 mill.

Þekkingarklasi Vesturlands

Þekkingarklasi Vesturlands er vettvangur fyrirtækja, stofnana, einstaklinga og félaga í þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi. Hlutverk þekkingarklasa Vesturlands er að:

- Stuðla að samstarfi og tengslamyndun meðal aðila í þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi.
- Vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrirtækja og stofnana í þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi.
- Vinna að almennri kynningu á þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi og leita leiða til að auka sýnileika hennar.
- Stuðla að samstarfi við hliðstæð samtök innanlands og erlendis.



Klasinn var stofnaður vorið 2008, hefur eigin kennitölu, samþykktir og stjórn. Margvísleg hugmyndavinna hefur átt sér stað innan klasans og hann hefur m.a. staðið fyrir opinni ráðstefnu um sóknarfæri í rannsóknum á Vesturlandi.

Vorið 2009 ákvað stjórn klasans að gera hlé á starfi hans til að gefa grasrót klasans færi á að taka frumkvæði að frekara starfi og þegar þetta er skrifað eru þreifingar hafnar um verkefni á vegum klasans.

www.vaxtarsamningur.is/thekkingarklasi

Upphaf: Janúar 2008; verkefnið heldur áfram.

Styrkur: 1 mill.

Próunarsetur í málmtækni

Styrkurinn var veittur til að undirbúa stofnun þróunarseturs (eða fræðsluseturs) í málmiðnaði og málmtækni sem átti að verða miðstöð fyrir fullorðinsfræðslu, rannsóknir og menntatengda starfsemi á því sviði og um leið samstarfsvettvangur fyrirtækja og menntastofnana (meðal annars verkfræði- og tæknideilda háskóla) á sviði málmiðnaðar og málmtækni. Unnin var skýrsla sem var notuð sem grunnur að áframhaldandi vinnu, sem m.a. leiddi til stofnunar Fab-lab smiðju á Akranesi.

Upphaf: Maí, 2008; lok: Janúar 2009.

Styrkur: 1,2 mill.

ÁRANGURSMAT

Stjórn Vaxtarsamnings Vesturlands fjallaði ítrekað um mat á árangri samningsins á fundum árið 2008. Ýmsar leiðir voru skoðaðar og farið var yfir tillögur frá öðrum Vaxtarsamningum. Niðurstaðan varð sú að ekki skyldi veitt fjármagni til formlegs mats þriðja aðila. Talið var eðlilegra að starfsmenn SSV-Þróunar og ráðgjafar gerðu grein fyrir framvindu samningsins og árangri af honum í lokaskýrslu.

Almennt má segja að þrjár leiðir séu færar við gerð árangursmat. Í fyrsta lagi er hægt að gera grein fyrir því sem gert var. Í öðru lagi er hægt að skoða upphafleg markmið með verkefninu og meta hvernig framkvæmdin féll að markmiðunum. Í þriðja lagi er hægt að framkvæma spurningakönnun og spyrja fólk hvernig því fannst til takast.

Við gerð þessa árangursmats var ekki ráðist í gerð skoðanakönnunar – aðallega vegna þess að verkefni Vaxtarsamningsins voru komin of stutt á veg til að viðeigandi væri að kanna hug íbúa – eða hagsmunaaðila til þeirra.

Í kaflanum hér á undan var fjallað um þau verkefni sem Vaxtarsamningurinn kom að með beinum hætti en hér á eftir verður árangur þessara verkefna borinn saman við upphafleg markmið Vaxtarsamnings Vesturlands.

Eins og kom fram í upphafi þessarar skýrslu lágu eftirfarandi markmið til grundvallar Vaxtarsamningi Vesturlands:



- Að efla Vesturland sem eftirsóttan valkost til búsetu.
- Að stuðla að fjölgun íbúa á Vesturlandi um a.m.k. 1,5% á ári frá árinu 2006 til 2009.
- Að auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.
- Að þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.
- Að fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
- Að ýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- Að laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Til hæðarauka má skipta þessum markmiðum í þrjá flokka:

1. Að Vesturland verði eftirsótt til búsetu og íbúum fjölgi.
2. Að samkeppnishæfum fyrirtækjum fjölgi, hagvöxtur aukist og vaxtargreinar svæðisins eflist.
3. Að alþjóðlegum verkefnum og fjárfestingum fjölgi.

Að auki segir í kafla um framkvæmd samningsins: „*Meginverkefni Vaxtarsamnings Vesturlands er að stuðla að uppbyggingu klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast.*“ Eins og þessi yfirlýsing er sett fram er eðlilegt að skoða hana sem eitt af markmiðum samningsins þótt hér sé vissulega einnig verið að lýsa aðferðafræði.

Samningurinn var studdur skýrslu sem ber nafnið „*Vaxtarsamningur Vesturlands - Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Vesturlands, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar.*“ Í henni var meðal annars sett fram ákveðin stefnumörkun eða þróunaráætlun fyrir Vesturland næstu þrjú árin. Skýrslan var unnin veturinn 2005-2006 en vinna við framkvæmd Vaxtarsamningsins fór fyrst af stað í maí 2007. Íslenskt samfélag gekk í gegnum miklar breytingar á þessu árabili og enn meiri breytingar áttu sér stað árin 2008-2009. Vegna þessa er eðlilegt að áherslur í framkvæmd Vaxtarsamningsins hafi breyst í höndum stjórnar og framkvæmdaráðs frá upphaflegum tillögum. Hins vegar ættu meginlínurnar að halda; áherslur á bætt búsetuskilyrði, samkeppnishæfi atvinnulífs og erlend samskipti.

Hér á eftir verður farið yfir þessi markmið og reynt að gera grein fyrir hvernig tekist hefur til við uppfyllingu þeirra.

Fjölgun íbúa og bætt búsetuskilyrði

Í Vaxtarsamningi Vesturlands var sett það tölulega markmið að íbúum fjölgaði um 1,5% að jafnaði á samningstímanum. Raunin varð sú að íbúum á Vesturlandi fjölgaði að meðaltali um 0,8% á ári. Mest var fjölgunin milli árána 2006 og 2007 en minnst frá 2008 til 2009 þegar íbúum á Vesturlandi fækkaði um 2,1%.




Þessi meðaltöl fela þó töluverðan mun milli svæða. Mynd 1 sýnir hvernig íbúum hefur fjölgað mikið syðst á Vesturlandi og nokkuð í Dölum en fækkað á Snæfellsnesi fækkað töluvert í Borgarfirði.

Tafla 1. Íbúaþróun á Vesturlandi 2006-2009 (heimild: Hagstofa Íslands).

Ár	Íbúafjöldi 31. des.	Fjölgun milli ára
2006	15.025	
2007	15.452	2,8%
2008	15.720	1,7%
2009	15.385	-2,1%
Meðalfjölgun á ári	120	0,8%

Ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir hlut Vaxtarsamningsins í þessari þróun en líklega er hann afar takmarkaður. Verkefni Vaxtarsamningsins hafa fæst haft það beinlínis að markmiði að fjölga íbúum Vesturlands og jafnvel þótt svo væri, þá tekur yfirleitt langan tíma að hafa áhrif á íbúaþróun svæða. Áhrifin af einstökum aðgerðum koma því seint fram. Líklegra er að hér sé um að ræða almenna þjóðhagslega þróun, frekar en íhlutun Vaxtarsamnings Vesturlands.




Mynd 1. Íbúaþróun á Vesturlandi 1. des. 2006-2009 skipt eftir svæðum (heimild: Hagstofa Íslands).

Lítill gögn liggja fyrir um breytingar á almennum búsetuskilyrðum á Vesturlandi síðustu árin. Árið 2006 var gerð könnun á viðhorfum fólks á höfuðborgarsvæðinu, Norðvesturlandi og Vestfjörðum til ímyndar Vesturlands. Í bígerð er að endurtaka þessa könnun nú í vetur (2009-2010). Niðurstöður þeirrar vinnu skapa grunn til að meta hvort viðhorf íbúa utan Vesturlands, til landshlutans, hafi breyst.



Í undirbúningsskýrslu fyrir yfirstandandi Vaxtarsamning var töluverð vinna lögð í að safna lýðfræðilegum upplýsingum um Vesturland. Einn þeirra mælikvarða sem þar var skoðaður var hlutfallslegur munur á fjölda karla og kvenna (kynjahalli). Landsmeðaltal þessarar breytu er ekki núll, heldur 3%; það er að karlar á Íslandi eru 3% fleiri en konur. Meðaltal landsbyggðarinnar er hins vegar 6,6%. Kynjahalli hefur í fjölda ára verið notaður sem mælikvarði á búsetuskilyrði og lífvænleika byggðarlaga. Mynd 2 sýnir hvernig kynjahalli á Vesturlandi hefur breyst frá 2004 til 2009.



Mynd 2. Kynjahalli á Vesturlandi, mældur sem hlutfallslegur munur á fjölda karla og kvenna á einstökum svæðum (heimild: Hagstofa Íslands).

Myndin sýnir að kynjahalli hefur aukist nokkuð á Akranesi og einnig lítillega í Borgarfirði. Á Snæfellsnesi og í Dölum hafa kynjahlutföll hins vegar jafnast. Líklegt er að veruleg stækkun álversins á Grundartanga og útpensla í byggingariðnaði eigi stóran hlut í þeirri þróun sem sjá má suðurhluta Vesturlands.

Erfiðara er skýra þróunina á Snæfellsnesi og í Dölum en þar hefur kynjahallinn minnkað mikið. Þannig er munurinn á Dölum og Akranesi/Hvalfirði orðinn hverfandi, sem útaf fyrir sig er áhugaverð staðreynd. Kynjahallinn á Snæfellsnesi er kominn niður í 5% og er þannig töluvert undir meðaltali landsbyggðarinnar (6,6%).

Í ljósi þess hversu mikilvægur kynjahalli er talinn fyrir byggðaðróun, væri áhugavert að láta framkvæma sérstaka rannsókn á ástæðum þeirra breytinga sem hér koma fram.

Niðurstaðan er sú að íbúum hefur fjölgað á Vesturlandi en fjölgunin er mjög staðbundin og

Dæmi um verkefni:

Efning Stykkishólmi

Hollvinasamtök Dalabyggðar

Neðribæjarklasi Borgarnesi

Félag atvinnulífsins í Grundarfirði

Jaðarsvæðastuðningur til Dalabyggðar

Evrópuskrifstofa sveitarfélaga



Ólíklegt að hún tengist með beinum hætti starfi Vaxtarsamningsins. Hins vegar hefur nokkuð verið unnið í eflingu búsetuskilyrða en árangur þess starfs hefur enn ekki verið metinn með fræðilegum hætti.

Samkeppnishæfni og hagvöxtur

Í undirbúningsskýrslu vegna yfirstandandi Vaxtarsamnings eru kjarnasvið atvinnulífs á Vesturlandi talin fjögur. Undir hverju þeirra eru talin upp þrjú viðfangsefni, hvar talið er afar brýnt að ráðist verði í aðgerðir:

A. Mennta- og rannsóknastarfsemi.

- Háskólar á Vesturlandi.
- Þekkingarver á Vesturlandi.
- Framhaldsskólar á Vesturlandi.

B. Menningar- og ferðaþjónustustarfsemi.

- Markaðsstofa ferða- og kynningarmála Vesturlands.
- Sérhæfðir safnaringir á Vesturlandi.
- Green Globe 21.

C. Sjávarútvegur og matvælaframleiðsla.

- Aukin arðsemi hlunninda.
- Samkeppnisstaða landvinnslunnar.
- Svæðisbundin þróun lífrænnar framleiðslu.

D. Iðnaður.

- Atvinnustarfsemi á Grundartanga.
- Málmiðnaður.
- Byggingariðnaður.

Þessar áherslur endurspeгла mat undirbúningshópsins á líklegum vaxtargreinum og því hvernig helst megi auka hagvöxt og samkeppnishæfi Vesturlands. Því er eðlilegt að lagt sé mat á með hvaða hætti tekist hefur að vinna að þeim verkefnum sem að var stefnt og hverju sú vinna hefur skilað.


Mennta- rannsóknastarfsemi

Lagt var upp með að mennta- og rannsóknastarfsemi yrði eflað í gegnum uppbyggingarstarf háskólanna, þekkingarsetra og framhaldsskóla. Vaxtarsamningurinn hefur beitt sér fyrir margvíslegum verkefnum til eflingar mennta- og rannsóknageirans en einnig hafa sveitarfélögin á Vesturlandi, ríkisvaldið og einkaaðilar unnið mikið og gott starf á þessu sviði. Hér sannast hversu mikilvægt er að allir þeir aðilar sem koma að atvinnuþróun í landshlutanum vinni eftir sameiginlegri stefnu.


Mennta- og rannsóknastarfseminni má skipta í þrennt: Háskólastig, framhaldsskólastig og sjálfstæð þekkingarsetur. Fjórða stigið – einkageirinn – hefur því miður ekki verið fyrirferðamikilið á borði Vaxtarsamningsins.



Háskólarnir á Bifröst og Hvanneyri stækkuðu mjög hratt á árunum fram til 2005 en síðan hefur vöxturinn verið hægari (sjá myndir 3 og 4).



Mynd 3. Fjöldi skráðra nemenda við Háskólann á Bifröst 2004-2008⁵.



Mynd 4. Fjöldi skráðra nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands 2004-2008.

Á Bifröst hefur staðarnemendum fækkað síðan 2005 en fjölgun í fjarnámi hefur vegið fækkunina upp. Á Hvanneyri hefur ekki gætt sambærilegrar fækkunar staðarnemenda en


⁵ Líklega er villa í skiptingu milli staðar- og fjarnema á Bifröst árið 2005. Þá ná þessi gögn hvorki yfir skiptinemendur sem hafa ekki íslenska kennitölu né nemendur sem ekki eru skráðir í nein námskeið en vinna að lokaverkefnum sínum.



fjarnemendum hefur eftir sem áður fjölgað. Tekið skal fram að gögnin taka einungis til skráðra nemenda í reglubundnu námi en ekki starfsemi endurmenntunardeilda skólanna.

Landbúnaðarháskólinn hefur tekið þátt í fjórum verkefnum á vegum Vaxtarsamningsins: Náttúrfræðiskóla unga fólksins, sem er samvinnuverkefni með framhaldsskólum á Vesturlandi; Sprotanum – atvinnusmiðju, Þekkingarklasa Vesturlands og Matvælaklasa Vesturlands. Háskólinn á Bifröst var leiðandi í Þekkingarklasa Vesturlands og hefur einnig undirbúið stofnun menningarfrumkvöðlaseturs.

Framhaldsskólastigið hefur eflst mikið á Vesturlandi síðustu árin. Þegar árið 2004 hóf Framhaldsskóli Snæfellinga kennslu og árið 2007 Menntaskóli Borgarfjarðar. Á sama tíma hefur aðsókn að Fjölbrautarskóla Vesturlands ekki dregist saman (sjá mynd 4)⁶.



Mynd 5. Fjöldi skráðra nemenda í framhaldsskólum á Vesturlandi (súlur) og á landinu öllu(lína) (heimild: Hagstofa Íslands).

Það er athyglisvert að á árabílinu 2001-2003 stóð nemendafjöldi við FVA í stað, þrátt fyrir fjölgun á landsvísi. Með stofnun FSN náði Vesturland að fylgja landsþróuninni og með stofnun MB verður fjölgunin enn meiri⁷.

Þessu til staðfestingar er áhugavert að skoða hversu stórt hlutfall unglunga (16-19 ára) á Vesturlandi fór í framhaldsskóla. Á árunum 2001-2003 lá Vesturland undir landsmeðaltali en síðan 2004 hefur landsfjórðungurinn verið fyrir ofan landsmeðaltal öll ár nema 2006 (?). Sama kemur í ljós ef tölurnar eru skoðaðar fyrir alla íbúa á Vesturlandi; fram til 2004 lá Vesturland undir landsmeðaltali, en yfir frá árinu 2004. Því er ljóst að sú áhersla sem

⁶ Einnig má nefna framhaldsskóladeildirnar á Bifröst og Hvanneyri, en þær voru taldar með í síðasta kafla.

⁷ Árið 2008 voru einungis tveir árgangar nemenda í MB.



núverandi Vaxtarsamningi lagði á stofnun og eflingu framhaldsskólastigsins á Snæfellsnesi og í Borgarnesi hefur orðið til góðs fyrir landsfjórðunginn.

Þekkingarsetur á Vesturlandi eru mikilvæg stöð fyrir mennta- og rannsóknageirann. Stundum er erfitt að tilgreina nákvæmlega hvaða stofnanir/setur eru „þekkingarsetur“ og hverjar ekki. Hér er fyrst og fremst verið að vísa til stofnana, hvar stundaðar eru sjálfstæðar rannsóknir eða sambærileg fræðastörf en ekki þjónustustofnana eða ráðgjafarstofa. Þannig ætti að vera óhætt að telja Háskólasetur Snæfellsness, Hagþjónustu landbúnaðarins, Náttúrustofu Vesturlands, Snorrastofu, Útibú Hafró, Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar, Vör – Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð og Þjóðgarðinn á Snæfellsnesi til þekkingarsetra. Nokkrar stofnanir til viðbótar ættu ef til vill einnig heima á þessum lista þótt þar séu ekki stundaðar rannsóknir í miklum mæli. Þar má til dæmis nefna Símenntunarmiðstöð Vesturlands, SSV-Þróun og ráðgjöf, Landbúnaðarsafn Íslands, Búnaðarsamtök Vesturlands og einkafyrirtæki á borð við UMÍS, Landlínur, Nepal, Landmælingar Íslands, Ildi o.s.frv. Við Háskólann á Bifröst eru starfrækt sjálfstæð rannsóknasetur en í þessari samantekt hefur verið valið að telja starfsemi þeirra með starfi skólans.

Ekki hefur verið fylgst miðlægt með fjölda ársverka hjá þessum þekkingarsetrum nema þeim fimm sem eru staðsett á Snæfellsnesi. Þau hafa enda hlotið beinan stuðning frá Vaxtarsamningnum. Mynd 6 sýnir fjölda starfsmanna og rannsóknarnemenda hjá þessum fjórum setrum.

Stöplarityð í mynd 6 sýnir hvernig starfsmannafjöldinn í þessum geira hefur vaxið frá fjórum, árið 2001 í rétt um 20 árið 2008. Í nánast öllum tilvikum er um að ræða ungt vel menntað fólk sem ella hefði átt erfitt með að finna sér atvinnu við hæfi í þessum byggðarlögum. Við þetta bætist að allnokkur dæmi eru um að samstarf þekkingarsetrana og atvinnulífsins hafi leitt til fjölgunar starfa utan setrana sjálfra.

Dæmi um verkefni:

Þekkingarklasi Vesturlands

*Sprotinn – atvinnusmiðja
Landbúnaðarháskóla Íslands*

*Vestan 23 (W-23) samstarf
þekkingarsetra á Snæfellsnesi*


Náttúrufræðiháskóli Vesturlands

Þróunarsetur í Málmtækni

Körfuboltaakademía í Borgarnesi

Fab-lab á Akranesi

Útflutningur menningararfsins



Mynd 6. Fjöldi starfsmanna við þekkingarsetrin á Snæfellsnesi.

Menningar- og ferðaþjónustustarfsemi

Forgangsverkefni á sviði menningarmála og ferðaþjónustu voru að stofnsetja Markaðsstofu ferða- og kynningarmála á Vesturlandi, að skilgreina og markaðssetja sérhæfða safnahringi á Vesturlandi og að vinna að Green Globe vottun Vesturlands. Mikilvægt er að hafa í huga að undirbúningsskýrslan var unnin áður en Menningarsamningur Vesturlands leit dagsins ljós. Með tilkomu Menningarsamnings dró úr menningaráherslum Vaxtarsamningsins en meiri þungi var lagður í ferðaþjónustu og markaðsmál.

Ferðaþjónusta á Vesturlandi hefur verið í mikilli sókn síðustu ár. Þessari þróun hafa verið gerð skil í sérstakri skýrslu (*Staða ferðaþjónustu á Vesturlandi*⁸). Ef til vill má draga megin þætti skýrslunnar saman í tvær myndir. Annars vegar hlutfallslega fjölgun gistingu eftir mánuðum (mynd 7) og hins vegar þróun í tekjum og skuldum fyrirtækja í hótél- og veitingahúsarekstri (mynd 8).

Dæmi um verkefni:

Markaðsstofa Vesturlands

All Senses

Breiðafjarðarfléttan

Fóður og fjör á landsbyggðinni

Græna lónið – Lýsuhóli


Sjávarsafnið í Ólafsvík

Komdu í land – Grundarfirði


Act Cool á Vesturlandi

⁸ Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu SSV:

http://ssv.is/default.asp?sid_id=16037&tld=1&Tre_Rod=002|007|001|&qsr



Mynd 7. Hlutfallsleg fjölgun gistingu frá 1998 til 2008 á Vesturlandi eftir mánuðum (heimild: Hagstofa Ísland).



Mynd 8. Skuldir, tekjur og gjöld hótela/veitingahúsa á Vesturl. 1997-2007 (heimild: RSK).

Myndir 7 og 8 sýna í fyrsta lagi mikla sókn ferðaþjónustunnar, í öðru lagi að sú sókn hefur verið án nettóaukningar í skuldum greinarinnar og í þriðja lagi að mesta aukningin hefur verið utan háannatímans. Gögnin ná annars vegar til ársins 2008 og hins vegar til 2007.



Allt bendir þó til þess að sumarið 2009 hafi verið mjög hagstætt ferðaþjónustunni (sjá t.d. frétt Skessuhorns 20. ágúst 2009⁹). Þá má nefna ný fyrirtæki sem tekið hafa til starfa á árinu 2009 ss. nýja gististaði á Akranesi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi og víðar. Brúðulistasetur í Borgarnesi, ostagerð á Erpsstöðum, Sjávarsafnið í Ólafsvík og gallerí í Dölum, Stykkishólmi, Grundarfirði og Snæfellsbæ.

Á móti þessari jákvæðu þróun hefur verðbólga og fall krónunnar valdið verulegri hækkun skulda sem mun sjást í ársreikningum fyrirtækja 2008 og 2009.

Markaðsstofa Vesturlands tók til starfa árið 2008 eftir undirbúning og með stuðningi Vaxtarsamningsins. Markaðsstofan er í eigu SSV, Ferðamálasamtaka Vesturlands og All Senses klasans. Helstu verkefni Markaðsstofunnar eru:

- Heimasíða: Að samræma þær heimasíður sem hafa verið fyrir Vesturland (west.is, westiceland.is, visitwesticeland) þannig að úr verði öflugur upplýsingavefur fyrir ferðaþjónustu Vesturlandi.
- Gagnagrunnar: Að uppfæra og útbúa gagnagrunn um ferðaþjónustu á Vesturlandi. Þann grunn má svo að nota við markaðssetningu, til upplýsinga og fleira.
- Þátttaka í sýningum: Mikilvægur þáttur í markaðssetningu í ferðaþjónustu er þátttaka í sýningum héraðs og erlendis í samstarfi við aðra landshluta og Ferðamálastofu.
- Þjálfun og fræðsla: Markmiðið er að Markaðsstofa Vesturlands standi fyrir námskeiðum og efni til að stuðla að aukinni þekkingu í ferðaþjónustu á Vesturlandi.
- Bæklingur um Vesturland: Hanna og framleiða ímyndarbækling eða láta endurprenta þann sem til er fyrir Vesturland til að láta liggja frammi á helstu stöðum héraðs og erlendis.
- Móttaka gesta: Markaðsstofu Vesturlands er ætlað að taka á móti innlendum sem og erlendum gestum til að kynna og markaðssetja landsfjórðunginn.
- Upplýsingasöfnun: Markaðsstofu Vesturlands er ætlað að afla upplýsinga um ferðaþjónustu á Vesturlandi í því skyni að geta kynnt og selt sem best þá vöru sem verið er að framleiða á meðal heimamanna
- Ýmis verkefni: Vinna að sér verkefnum, hvort sem þau úr grasrót ferðaþjónustunnar eða frá eigendum. Dæmi um verkefni eru *Sögulandið Vesturland* og *Vesturlandsplattinn*.

Með tilkomu Markaðsstofunnar hefur náðst það meginmarkmið að sameina krafta þeirra aðila sem vinna að markaðssetningu og ferðamálum á Vesturlandi.

Safnaklasi Vesturlands er í undirbúningi en áætlað er að verkefni hans verði eftirfarandi:

- Móta tillögur að sameiginlegri framtíðarsýn safna á Vesturlandi.
- Skipuleggja sérstaka safnahringi um Vesturland.

⁹ Sjá: [//www.skessuhorn.is/Default.asp?Sid_Id=1933&tre_rod=009|001|&tId=2&FRE_ID=91069&Meira=1](http://www.skessuhorn.is/Default.asp?Sid_Id=1933&tre_rod=009|001|&tId=2&FRE_ID=91069&Meira=1)



- Vinna að sameiginlegri kynningu og samstarfi safna og sýninga á Vesturlandi með ákveðnum þemum.
- Vinna að útgáfu á sameiginlegu kynningarefni fyrir öll söfn og sýningar á Vesturlandi í formi bæklinga og upplýsinga á heimasíðum.
- Standa fyrir fundum um fagleg viðfangsefni safnageirans.
- Skipuleggja hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum.
- Taka þátt í umræðu um aðgengi að þekktum ferðamannastöðum.
- Standa fyrir fundum og námskeiðum um rekstrarlega þætti, t.d. gerð viðskiptaáætlana og markaðsmál.

Reiknað var með því að safnaklasinn taki formlega til starfa á haustmánuðum 2009 en undirbúningur hefur gengið hægar en stefnt var að.

Green Globe: Nokkur vinna var lögð í undirbúning að Green Globe vottun fyrir allt Vesturland. Nær öll sveitarfélögin á Vesturlandi sýndu málinu áhuga en fjárhagsþrengingar sveitarfélaganna hafa tafið framgöngu verkefnisins. Málinu verður haldið vakandi áfram.

Ekki er hægt að ljúka þessum kafla án þess að minnst á þróunarverkefni í ferðaþjónustu sem styrkt eru af öðrum en Vaxtarsamningi. Þar má nefna Golfklasa Vesturlands, Áttahagastofu í Snæfellsbæ, Krókaverkefnið (vöruþróun í menningartengdri ferðaþjónustu), Gagn og gaman (þróunarverkefni í ferðaþjónustu miðaðri að börnum) auk ýmissa smærri verkefna sem eru á forræði einstakra aðila.

Sjávarútvegur og matvælaframleiðsla

Launagreiðslur vegna fiskveiða vaxið jafnt og þétt síðustu 10 árin hér á Vesturlandi. Árlegur meðalvöxtur hefur verið 17,6%. Áhugavert verður að fylgjast með því hvaða áhrif strandveiðar munu hafa á þessar tölur, en nálægð við góð fiskimið gerir Snæfellsnes vinsælt til strandveiða. Eftir gengishurn krónunnar hafa tekjur sjávarútvegsins aukist mikið og almennt ganga útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á Vesturlandi mjög vel.

Landbúnaðar á Vesturlandi stendur sterkt og umfang hefðbundinna greina, mælt sem fjöldi gripa¹⁰, hefur verið mjög stöðugt síðustu 20 ár. Árið 1990 var Vesturland með 18,8% sauðfjár en sú tala var komin niður í 16,7% árið 2007. Sambærilegar tölur fyrir nautgripi eru 13,9 og 12,4%. Á 17 árum hefur hlutfallsleg staða Vesturlands því dalað um 1,5-2,0 prósentustig sem hlýtur að teljast viðunandi miðað við aðra þróun á svæðinu.

Matvælaíðnaður hefur átt betri daga á Vesturlandi. Mikill vöxtur var í þessari grein frá 1997 til 2002 en þá fækkaði störfum um helming til ársins 2004. Síðan þá hefur leiðin legið upp á við þótt enn sé langt í land með að greinin nái fyrri stöðu sinni

Í þessum geira atvinnulífsins var lögð áhersla á eftirtalin verkefni: Samkeppnisstaða landvinnslunnar, aukin arðsemi hlunninda og svæðisbundin þróun lífrænnar framleiðslu.

¹⁰ Sambærilegar tölur eru ekki fáanlegar fyrir garðyrkjuframleiðslu.



Fyrsta liðnum hefur verið sinnt af SSV-Þróun og ráðgjöf með gagnasöfnun og vöktun á þróun sjávarútvegs og vinnslu. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar reglulega og eru notaðar til að undirbyggja stefnu sveitarfélaga og stjórnvalda í atvinnumálum landshlutans.

Hlunnindanýtingu og þróun lífrænnar framleiðslu var fundinn farvegur innan Matvælaklasa Vesturlands. Matvælaklasinn var stofnaður af Vaxtarsamningnum í ársbyrjun 2008 en hefur ekki enn skilað þeim árangri sem að var stefnt. Þó liggur nú fyrir tillaga að upprunamerki fyrir Vestlensk matvæli og fyrirtæki eru byrjuð að sýna merkinu nokkurn áhuga.

Mikil gerjun hefur verið í þessum geira síðustu árin – ekki einungis á Vesturlandi – heldur um land allt. Samtökin *Beint frá býli* og *Lifandi landbúnaður* hafa eflst mikið, Bændasamtök Íslands hafa haft á sínum snærum ráðunauta í hlunnindum, lífrænum landbúnaði og heimaframleiðslu matvæla, Landbúnaðarháskólinn og Nýsköpunarmiðstöð hafa haldið námskeið um heimaframleiðslu matvæla og lífrænan landbúnað. Þá bauð NMÍ styrki til fræðslu og þróunarverkefna í svæðisbundinni matargerð.

Veikt gengi krónunnar og aukinn áhugi innlendra sem erlendra neytenda á íslenskum hefðum – þ.m.t. matarhefðum – skapar ný tækifæri til þróunar og markaðssetningar á svæðisbundnum vörum. Því er mikilvægt að næsti Vaxtarsamningur sé opinn fyrir þróunarverkefnum á þessu sviði.

Iðnaður

Forgangsverkefni á sviði iðnaðar voru að styrkja atvinnustarfsemina á Grundartanga og þróa ný tækifæri í málmiðnaði og byggingariðnaði.

Hér er um að ræða gríðarlega umfangsmikla geira atvinnulífsins og því ljóst frá upphafi að möguleikar Vaxtarsamningsins til nýsköpunar á þessu sviði voru takmarkaðir. Farið var af stað með tvö samhliða verkefni tengd stóriðjunum á Grundartanga og málmtækni. Annars vegar voru skoðaðir möguleikar á að stofna þekkingarsetur á Grundartanga, hvar fram færu rannsóknir tengdar stóriðjunum. Jafnframt var hugmyndin að setrið gæti laðað að fleiri fyrirtæki og hýst fjölbreytilega stoðþjónustu sem tengdist uppbyggingu svæðisins. Þessi hugmynd fékk ekki brautargengi, en gæti orðið að veruleika síðar.

Dæmi um verkefni:

Matvælaklasi Vesturlands

Kortlagning matarhefða

Fóður og fjör á Vesturlandi

Aukin arðsemi landvinnslunnar

Lambið mitt

Matís í Stykkishólm

Upprunamerki fyrir vestlensk matvæli.

Ull, list og heilsa (vefverslun)

Dæmi um verkefni:

Samráðsvettvangur atvinnulífsins á Vesturlandi


Þróunarsetur í Málmtækni

Fab-lab á Akranesi



Hin hugmyndin var að stofna þróunarsetur í málmþækni í samstarfi stóriðjanna, Fjölbrotarskóla Vesturlands og fleiri aðila. Þessi hugmynd náði lengra og fékk síðar framhaldslíf í vinnu við stofnun Fab-lab smiðju í tengslum við skólann.

Byggingariðnaður á Vesturlandi var þegar í vexti þegar unnið var að undirbúningi fyrir núverandi Vaxtarsamning og hélt áfram að vaxa fram til ársins 2008, eins og sjá má á mynd 9.



Mynd 9. Þróun í veltu og fjölda fyrirtækja í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð 1997-2007 (heimild: RSK).

Athyglisvert er að fjölgun fyrirtækja er í nokkru samræmi við veltuþróun nema frá 2006 til 2007 þegar fjölgunin hættir en heildarvelta greinarinnar vex um ríflega 2.000.000 milljónir. Þessi veltuaukning jafnast á við heildarveltu geirans árið 2003. Frá árinu 1997 til 2007 tífaldaðst veltan í byggingariðnaði og mannvirkjagerð og fór úr tæplega milljarði í ríflega 9 milljarða. Ljóst er að síðustu tvö ár (2008-2009) hefur orðið hrun í byggingariðnaði á Íslandi, þótt ekki liggi fyrir nákvæmar tölur um umfang samdráttarins.

Þegar um svona stærðir er að ræða verður vægi Vaxtarsamningsins hverfandi. Þó má hafa í huga að árið 2007 var meðalvelta þessara fyrirtækja ekki nema um 55 milljónir þannig að mörg fyrirtækjanna eru tiltölulega lítil. Eitt af verkefnum næstu ára verður að nýta þann mannauð sem skapast hefur til nýrra verka og verðmætasköpunar.

Fjölgun alþjóðlegra verkefna og fjárfestinga

Engar tölur eru tiltækar um alþjóðlega fjárfestingu á Vesturlandi. Stærstu nýju verkefni eru þó augljóslega tengd stóriðjunum á Grundartanga og vatnsútflutningi á Rífi. Þá hefur Borgarbyggð skrifað undir viljayfirlýsingu við fyrirtækið Greenstone ehf. um athugun á byggingu gagnavers og Vaxtarsamningurinn tengdist undirbúningsvinnu þeirrar viljayfirlýsingar.



Á vegum Vaxtarsamningsins var skoðað að halda sérstaka kynningu á vestlenskum fyrirtækjum í Færeyjum. Áhugi reyndist ekki nægjanlegur til að réttlæta verkefnið. Þá hefur verið í athugun að taka saman kynningarefni um Vesturland fyrir erlenda fjárfesta. Þeirri vinnu er ekki lokið.

Nokkur klasaverkefni Vaxtarsamningsins snúa með beinum hætti að eflingu útflutnings og alþjóðasamskiptum. Þar má nefna *Útflutning menningararfsins* þar sem stefnt er að því að kynna fornsögur Vesturlands fyrir erlendum markhópum. Einnig *Act Cool* sem snýst um kynningu á hráefnum og matarhefðum svæðisins. Ferðaþjónustuklasinn *All Senses* hefur verið mjög virkur í alþjóðastarfi og fulltrúar klasans reglulega farið á sýningar og tengslaráðstefnur erlendis. Þessi vinna hefur síðan skilað sér í fjölgun ferðamanna á Vesturlandi. W-23 verkefnið hefur einnig lagt áherslu á að auka alþjóðleg samskipti á fræðasviðinu sérstaklega með því að draga erlenda fræðimenn og nemendur inn á Snæfellsnes.

Frá 2007 til upphafs árs 2009 var unnið að undirbúningi umsóknar í sjóð *Northen Pheriphery* í samvinnu við aðila frá Finnlandi, Svíþjóð og Skotlandi. Titill verkefnisins var „Rural Innovation and Business Systems“. Þrátt fyrir mikla undirbúningsvinnu fékk verkefnið ekki fjárveitingu en stefnt er að því að senda umsókn inn til NPP í mars 2010. Vaxtarsamningurinn hefur lofað framlagi til verkefnis sem snýst um að stofna ESB-svæðisskrifstofu fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi. Eins og sakir standa er það verkefni í nauðsynlegri endurskoðun vegna gengishruns og almennrar veikingar á fjárhag sveitarfélaga.

Síðast en ekki síst þarf að nefna vöxt hefðbundinna útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi þar sem töluverður vöxtur hefur átt sér stað, þótt ekki sé um beina erlenda fjárfestingu að ræða.

Niðurstaðan er að markmiðið um alþjóðlega vídd Vaxtarsamningsins hafa náðst að vissu marki en ekki er hægt að benda á stórar alþjóðlegar fjárfestingar tengdar starfi Vaxtarsamningsins.

Uppbygging klasa og tengslaneta

Í öllum vaxtarsamningum hefur verið lögð mikil áhersla á uppbyggingu klasa og tengslaneta. Þar var byggt á kenningum Porters um hlutfallslega yfirburði svæða, en leitað í smiðju Ifor Williams ráðgjafa hjá fyrirtækinu *Clusters Navigators* varðandi útfærslu og framkvæmd. Á Vesturlandi, eins og reyndar í flestum öðrum vaxtarsamningum, var ákveðið að setja upp klasa á þeim fjórum sviðum sem áður hafa verið nefnd: Ferðaþjónustu, menntun/rannsóknnum, matvælaframleiðslu og iðnaði. Ákveðið var að semja við *All Senses klasann* um verkefnisstjórn með ferðaþjónustuklasanum og hefur sú vinna gengið vel. Vaxtarsamningurinn hafði svo sjálfur frumkvæði að stofnun þekkingarklasa og matvælaklasa. Þekkingarklasinn fór vel af stað og hélt nokkra fundi og eina ráðstefnu. Hins vegar gekk illa að finna verkefni sem hópurinn gat sameinast um og því var ákveðið, vorið 2009, að gera hlé á starfi klasans. Matvælaklasinn fór hægt af stað og enn er óljóst um framtíð hans. Ekki var stofnaður eiginlegur iðnaðarklasi, heldur stofnað til *Samráðsvettvangs atvinnulífsins á Vesturlandi*. Þessi vettvangur er ennþá til en hefur ekki starfað mikið. Þar ráða sennilega mestu efnahagslegar sviptingar síðustu missera.



Vaxtarsamningurinn hefur hins vegar styrkt allmörg verkefni sem byggja á hugmyndafræði klasasamstarfs og hafa þau undantekningalítið gengið vel. Þannig sýnir reynslan að betra er að styðja við sjálfsprottna klasa en að stoðkerfið hafi frumkvæði að stofnun þeirra. Þetta er í samræmi við niðurstöðu stórrar bandarískrar rannsóknar á klasastarfi en skýrsluhöfundar draga niðurstöður sínar saman í eftirfarandi punkta¹¹:

- 1) *Klasahugtakið er lykillinn að því að greina og bæta hagvöxt svæða.*
- 2) *Klasahugsun er mikilvæg því hún hvetur til þess að áætlanir um byggðaðþróun beinist að hópum fyrirtækja en ekki einstökum fyrirtækjum.*
- 3) *Klasahugsun býður upp á mikilvægan lærdóm fyrir þá sem fást við áætlanir og stefnumörkun um byggðaðþróun:*
 - a) *Að byggja skuli á styrkleikum hvers svæðis frekar en reynt sé að líkjast öðrum svæðum.*
 - b) *Að ganga til samstarfs við klasameðlimi í stað ofuráherslu á greiningarvinnu.*
 - c) *Að aðferðafræði og aðstoð þarf að taka mið af sérstöðu hvers klasa.*
 - d) *Að betra er að skapa umhverfi sem hvetur til klasamyndunar en að skapa nýja klasa frá grunni.*

Það er hins vegar ljóst að sú aðferðafræði sem skýrsluhöfundar mæla með tekur langan tíma – sérstaklega á dreifbýlum svæðum. Klasahugmyndafræðin hentar óneitanlega betur þéttbýlum svæðum þar sem auðveldara er að búa til hópa fyrirtækja í svipuðum rekstri. Eftir stendur þó, að jafnvel þótt ákveðinn eðlismunur sé á klasastarfi í dreifbýli og þéttbýli, leiðir samstarf og samvinna einstaklinga og fyrirtækja nær alltaf til framfara.

Afdrif verkefna úr verkefnalista

Í skýrslu með tillögum verkefnisstjórnar um Vaxtarsamning Vesturlands 2006-2009 var listi með 29 verkefnum sem verkefnisstjórn var ætlað að sinna. Þótt þessi listi teljist til „leiða“ en ekki „markmiða“ er eðlilegt að hér sé gerð grein fyrir afdrifum þessara verkefna.

- 1. Samgöngubætur á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins**
- 2. Tilraunaverkefni um safn- og tengivegi**
- 3. Aukið fjármagn til safn- og tengivega**

Á öðrum fundi stjórnar þann 2. maí, 2007 var samþykkt að samgöngumál væru ekki forgangsverkefni Vaxtarsamningsins¹². Á fjórða fundi stjórnar¹³ þann 22. nóv. 2007 lagði verkefnisstjóri fram minnisblað um Uxahryggjarveg að ósk stjórnar. Þá hefur SSV verið falið að vinna úttekt á þremur samgöngubótum: a) Breyttri legu vegar 54 við Eldborg; b) Uxahryggjarleið; c) Þverun Grunnafjarðar

¹¹ Cortright, J., 2006. Making sense of clusters: regional competitiveness and economic development. The Brookings Institute. 66 pp.

¹² http://vaxtarsamningur.is/files/Skra_0033937.pdf

¹³ http://vaxtarsamningur.is/files/Skra_0033946.pdf



4. Landbúnaðarháskóli Íslands verði gerður að leiðandi menntastofnun hérlendis í náttúrunýtingu.

LBHÍ hefur tekið þátt í Þekkingarklasa Vesturlands¹⁴ og lektor við skólann leiddi stýrihóp matvælaklasans¹⁵. Skólinn fékk styrk til samstarfsverkefnis um náttúrufræðikennslu með framhaldsskólum á Vesturlandi¹⁶ og nú síðast styrkti Vaxtarsamningurinn *Sprotann* frumkvöðlasetur LBHÍ¹⁷. Nemendum við skólann hefur fjölgað¹⁸ en fjárheimildir hafa því miður ekki fylgt eflingu starfseminnar.

5. Viðskiptaháskólinn á Bifröst bjóði upp á hæsta þjónustustig við nemendur og starfsmenn íslenskra háskóla og verði fremstu röð hvað það varðar á alþjóðavísu.

Starfsmaður Háskólans á Bifröst leiddi starf *Þekkingarklasans* en sú starfsemi hefur ekki haldið áfram í upphaflegri mynd. Umsókn frá Bifröst um stofnun Menningarfrumkvöðlaseturs var hafnað vorið 2009 þar sem útfærsla verkefnisins var ekki talin falla að markmiðum Vaxtarsamningsins. Nemendum við skólann hefur fjölgað og almenn starfsemi eflst.

6. Þekkingarver Vesturlands verði stofnað sem netsamstarf eftirfarandi aðila: Rannsóknarseturs um lífríki sjávar (síðar Vör), Háskólasetur Snæfellsness, Þekkingarmiðstöð Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, Náttúrustofu Vesturlands, Rafrænni skráningu á sjúkraskrá, Þekkingarsetri á Akranesi.

Á grundvelli Þekkingarklasa Vesturlands var stofnað netsamstarf undir nafninu W-23¹⁹. Aðilar að því eru Náttúrustofa Vesturlands, Háskólasetur Snæfellsness, Vör, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og Útibú Hafró. Rafræn skráning á sjúkraskrá hefur ekki hafist og Þekkingarsetur á Akranesi er ekki orðið að veruleika, en segja má að stofnun Fab-lab smiðju í tengslum við Fjölbrautarskóla Vesturlands sé stórt skref í þá átt. W-23 samstarfið sem spannar þekkingarsetrin á Snæfellsnesi hefur fengið stuðning frá Vaxtarsamningnum, haldið opna daga, vísindavökur og kynnt sig erlendis.

7. Rannsóknasetur um lífríki sjávar í Breiðafirði efli rannsóknir á vistkerfi sjávar.

Vör – sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð var stofnað árið 2006 og nú starfa þar 6 starfsmenn²⁰. Starfsemin hefur eflst ár frá ári. Vör er aðili að W-23 samstarfsnetinu og einnig samstarfsverkefni um *Sjávarsafnið í Ólafsvík* sem fékk stuðning frá Vaxtarsamningnum²¹.

¹⁴ http://www.vaxtarsamningur.is/default.asp?sid_id=36393&tre_rod=002|004|&tId=2

¹⁵ http://www.vaxtarsamningur.is/default.asp?sid_id=36397&tre_rod=002|003|&tId=2

¹⁶ http://www.vaxtarsamningur.is/files/Skra_0033772.pdf

¹⁷ http://www.vaxtarsamningur.is/files/Skra_0034852.pdf

¹⁸ Sjá *Markmið Vaxtarsamnings og uppfylling* Skýrsla unnin fyrir endurnýjunarhóp Vaxtarsamningsins: http://www.vaxtarsamningur.is/default.asp?sid_id=46269&tId=1

¹⁹ http://www.vaxtarsamningur.is/files/Skra_0033813.pdf

²⁰ Skv. upplýsingum frá forstöðumanni 15.10.2009.

²¹ http://www.vaxtarsamningur.is/files/Skra_0033772.pdf



8. Háskólasetri Snæfellsness verði gert kleift að stunda rannsóknir á sjó- og vaðfuglum og þeim þáttum er þeim tengjast.

Starfsmannafjöldi HS hefur vaxið úr 1,5 stöðugildum árið 2006 í 4-5 árið 2009²². Setrið er aðili að W-23 sem Vaxtarsamningurinn hefur styrkt.

9. Þekkingarmiðstöð Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Bætt verði aðgengi almennings að þjóðgarðinum með stofnun þekkingarmiðstöðvar.

Gestastofa þjóðgarðsins opnaði árið 2004 á Hellnum og hefur notið vaxandi vinsælda ferðamanna²³. Unnið hefur verið að undirbúningi gestastofu á Hellissandi frá árinu 2006 en fjárveitingar hafa enn ekki fengist til verkefnisins²⁴. Þjóðgarðurinn hefur verið þátttakandi í W-23 samstarfinu en að öðru leyti hefur Vaxtarsamningurinn ekki komið að garðinum.

10. Náttúrustofa Vesturlands auki rannsóknir á rándýrum og miðlun rannsóknaniðurstaðna almennt.

Starfsemi Náttúrustofunnar hefur verið í jafnvægi síðustu þrjú árin eftir nokkurra ára samfelldan vöxt. Náttúrustofan hefur verið þátttakandi í W-23 samstarfinu og leiddi fýsileikakönnun fyrir staðsetningu útibús Matís í Stykkishólmi en að öðru leyti hefur Vaxtarsamningurinn ekki komið að starfi hennar.

11. Þekkingarmiðstöð SHA fyrir rafræna sjúkraskráningu á Vesturlandi verði stofnuð.

Verkefninu hefur ekki verið sinnt af Vaxtarsamningnum.

12. Þekkingarsetur á Akranesi verði stofnað þar sem lögð er áhersla á umhverfis-, málmeðlis- og efnafræðirannsóknir

Eftir nokkra undirbúningsvinnu var veitt styrk til Þróunarseturs í málmækt²⁵. Á grundvelli lokaskýrslu verkefnisins hefur verið samþykkt styrkloforð til uppsetningar á Fab-lab smiðju í tengslum við Fjölbautarskóla Vesturlands²⁶.

13. Framhaldsskólum á Vesturlandi verði gert kleift að bjóða upp á öflugt nám og hlúð verði að samstarfi þeirra í milli sem og við atvinnulíf og stofnanir.

Ekki hefur verið unnið sérstaklega að þessu verkefni umfram það sem áður hefur verið minnst á ss. *Náttúrufræðiskóla Vesturlands* og *Fab-lab* og *Íþróttakademíu Vesturlands*.

14. Að Menntaskóla Borgarfjarðar verði gert kleift að sérhæfa sig í viðskiptagreinum með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki. Að auki verði Menntaskóli Borgarfjarðar studdur í að leggja sérstaka áherslu á kennslu í náttúrufræðigreinum og félagsvísindum.

²² Skv. upplýsingum frá forstöðumanni 15.10.2009.

²³ http://www.ust.is/media/fraedsluefni/pdf-skjol/arsskyrsla_thjodgardsins_snaefellsjokuls_2007.pdf

²⁴ http://www.skessuhorn.is/Default.asp?Sid_Id=1933&tre_rod=009|001|&tId=2&FRE_ID=84834&Meira=1

²⁵ http://www.vaxtarsamningur.is/files/Skra_0033813.pdf

²⁶ http://www.vaxtarsamningur.is/files/Skra_0035868.pdf



Verkefninu hefur ekki verið sinnt af Vaxtarsamningnum en engu að síður hefur MB eflst og stækkað á samningstímanum.

15. Fjölbrautarskóli Vesturlands: Að þróa tengingu starfsnáms við framhaldsnám á háskólastigi í tæknigreinum.

Sjá verkefni nr. 12.

16. Nýjar kennsluaðferðir verði þróaðar í stærðfræði við Fjölbrautarskóla Snæfellinga.

Verkefninu hefur ekki verið sinnt af Vaxtarsamningnum, en engu að síður hefur skólinn eflst og stækkað á samningstímanum.

17. Byggja upp minjagarð í Reykholti og styðja við auknar miðaldarannsóknir.

Umsókn Snorrastofu um stuðning til uppbyggingar minjagarðs var hafnað þar sem hún samræmdest ekki þeim starfsreglum sem Vaxtarsamningnum var gert að vinna eftir.

18. Komið verði á fót Markaðsstofu Vesturlands sem standi fyrir markaðs- og kynningarmálum fyrir Vesturland í heild.

Vaxtarsamningurinn hafði frumkvæði að stofnun Markaðsstofu Vesturlands og veitti styrk til stofnunar hennar²⁷. Stofan er einkahlutafélag í eigu SSV, All Senses og Ferðamálasamtaka Vesturlands.

19. Sérhæfðir safnahringir á Vesturlandi: Unnið verði að sameiginlegri kynningu og samstarfi safna og sýninga á Vesturlandi með ákveðnum þemum.

Tillagan hefur ekki náð fram að ganga. Unnið hefur verið að stofnun *Safnaklasa Vesturlands* en það mál er í biðstöðu.

20. Vottun sveitarfélaga á Vesturlandi samkvæmt staðli Green Globe fyrir samfélög.

Unnið var að verkefninu árið 2008 og fyrir lágu viljayfirlýsingar frá Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppi um þátttöku í verkefninu. Efnahagsþrengingar haustið 2008 ásamt kostnaðarhækkunum frá Green Globe fyrirtækinu hafa sett málið í biðstöðu.

21. Þróunarverkefni um uppbyggingu lífræns landbúnaðar í Dalabyggð, með áherslu á lífræna sauðfjárrækt.

Ýmsar þreifingar hafa átt sér stað milli Vaxtarsamnings, sveitarstjórnaryfirvalda, Mjólkursamlagsins í Búðardal og Kaupfélags Skagfirðinga, en enginn áþreifanlegur árangur náðst.

22. Aukin arðsemi hlunninda: Farið verði í verkefni sem stuðlar að aukinni náttúrunýtingu þannig að landeigendur fái notið hlunninda í ríkari mæli.

Vaxtarsamningurinn hefur komið að eflingu náttúrunýtingar og matvælaframleiðslu með ýmsum hætti í gegnum Matvælaklasa Vesturlands. Áþreifanlegast var hönnun á upprunamerki fyrir héraðstengda framleiðslu á Vesturlandi og prentun límmiða og merkja sem nokkrir aðilar hafa hafið notkun á.

²⁷ http://www.vaxtarsamningur.is/files/Skra_0033772.pdf



23. Staða landvinnslu verði rannsökuð á Snæfellsnesi og á Akranesi.

Reynt var að varpa ljósi á hvers vegna fjaraði undan landvinnslu á Snæfellsnesi í rannsókn sem gerð var árið 2005. Tilefni rannsóknarinnar var mikill samfelldur samdráttur í landvinnslu frá því fiskmarkaðirnir voru settir á laggirnar. Ýmsar vísbendingar fengust án þess að skýr heildarmynd næðist. Skýrslan kallaði á framhaldsrannsókn. Þá var reynt að varpa ljósi á mikilvægi þorsks á Snæfellsnesi árið 2007²⁸. Tilefni rannsóknarinnar var boðuð 33% skerðing á aflaheimildum þorsks það árið. Nú er unnið að frágangi á greiningu sjávarútvegs á Vesturlandi. Hrúnið átti sinn þátt í því að ráðist var í þessa greinargerð.

24. Unnið verði að frekari eflingu iðnaðar og starfsemi fyrirtækja á Grundartanga.

Ýmsar þreifingar hafa átt sér stað bæði á vegum Vaxtarsamnings og SSV-Þróunar og ráðgjafar en eiginleg verkefni hafa ekki verið sett af stað.

25. Upplýsingatækni á Vesturlandi uppfylli og styðji sem best við þarfir nútíma atvinnulífs og bæti búsetuskilyrði.

Verkefninu hefur ekki verið sinnt, frekar en öðrum samgönguverkefnum.

26. Ímynd Veturlands.

Skýrslan var unnin veturinn 2006-2007²⁹.

27. Svæðisútlit á Vesturlandi.

Verkefninu var ekki sinnt af Vaxtarsamningi. Eftir sem áður stendur nú til að hefja rekstur svæðisútlits fyrir Vesturland.

28. Björgunarskólinn á Gufuskálum: Skipaður verði starfshópur sem mun vinna áætlun um stofnun alþjóðlegs öryggis- og björgunarskóla á Gufuskálum.

Verkefninu hefur ekki verið sinnt af Vaxtarsamningnum en er eitt af þeim verkefnum sem tengjast *Sóknaráætlun 20/20*.

29. Unnið verði að því að tryggja til frambúðar rekstur Ungmenna- og tólmstundabúða á Laugum í Sælingsdal.

Verkefninu hefur ekki verið sinnt af Vaxtarsamningnum.

Samandregnar niðurstöður úr árangursmati

Í upphafi þessarar skýrslu voru kynnt fjögur samandregin markmið með Vaxtarsamningi Vesturlands:

1. Að Vesturland verði eftirsótt til búsetu og íbúum fjölgi.
2. Að samkeppnishæfum fyrirtækjum fjölgi, hagvöxtur aukist og vaxtargreinar svæðisins eflist.
3. Að alþjóðlegum verkefnum og fjárfestingum fjölgi.

²⁸ Vífill Karlsson (2007). Mikilvægi þorsks á Vesturlandi: Staðbundin efnahagsleg áhrif 30% kvótaskerðingar á einstök sveitarfélög Vesturlands. *SSV Ráðgjafarskýrsla*. 1-26. (http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0020859.pdf)

²⁹ Sjá: http://ssv.is/default.asp?sid_id=16040&tre_rod=002|007|002|&tId=1



4. Að stuðla að uppbyggingu klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum.

Auðvelt er að færa rök fyrir því að á gildistíma samningsins hafi Vesturland orðið eftirsóttara til búsetu og íbúum hefur vissulega fjölgað þótt sú fjölgun sé að mestu leyti bundin við suðurhluta svæðisins. Erfitt er að magngreina hlut Vaxtarsamnings Vesturlands í þessu sambandi, en þó ljóst að allmörg verkefni hans hafa stutt við þessa þróun. Það er því hægt að álykta sem svo að tekist hafi að uppfylla þetta markmið.

Annað markmiðið – að fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum – hefur náðst að hluta. Þetta á sérstaklega við á sviði ferðaþjónustu og þekkingargeirans en síður á sviði matvælaíðnaðar og annars iðnaðar. Einnig þarf að hafa í huga að í mörgum tilvikum á samkeppnishæfi fyrirtækja eftir að sýna sig þar sem þau eru enn að slíta barnsskónum.

Alþjóðavinkillinn hefur gengið eftir að nokkru leyti en Vaxtarsamningurinn hefur ekki með beinum hætti komið að stórum alþjóðlegum fjárfestingarverkefnum. Nokkur klasaverkefni hafa stundað öfluga markaðssetningu erlendis og eins hefur Vaxtarsamningurinn stutt við alþjóðleg samstarfsverkefni. Þetta markmið hefur því náðst að hluta.

Uppbygging klasa og tengslaneta hefur almennt gengið vel. Klasahugtakið var mikið til óþekkt á Vesturlandi, sem annars staðar á landinu, þegar starfsemi Vaxtarsamnings hófst. Mikið hefur áunnist í kynningu á hugmyndafræði klasastarfs og ferðaþjónustuklasinn All Senses hefur orðið fyrirmynd annarra ferðaþjónustuklasa á landinu. Reynslan af klasaverkefnum hefur almennt verið góð og næsta öruggt að þeim mun fjölga á næstu árum.

Vaxtarsamningur Vesturlands hefur á árunum 2007-2009 styrkt vel á fjórða tug verkefna og stór hluti þessara verkefna hefur haldið áfram eftir að styrktímabili lauk. Fjöldi nýrra starfa hefur skapast og mikill árangur náðst í kynningu á aðferðafræði klasastarfs. Reynslan af samningnum sýnir með skýrum hætti að hér er um að ræða áhugaverða og árangursríka leið til byggðapróunar.